



1.tbl TÍMARIT 1.árg
LÖGRETTU

Félags laganema við Háskólann í Reykjavík

VINNUSLYS,
SLYSATRYGGING SJÓMANNA
EFTIR Dr. Guðmund Sigurðsson

A

NÝMÆLI Í BARNALÖGGJÖF
EFTIR Svölu Ísfeld Olafsdóttur

B

BRÁÐABIRGÐALÖG SEM
RÉTTARHEIMILD
EFTIR Ólaf E. Friðriksson

C

RANNSÓKNARRÉTTARFAR Í
EINKAMÁLUM?
EFTIR Jón Steinar Gunnlaugsson

D

STJÓRNHÆTTIR FYRIRTÆKJA OG
FYRSTU VIÐMIÐIN Á ÍSLANDI
EFTIR Áslaugu Björguinsdóttur

E

VINNUSLYS,

SLYSATRYGGING SJÓMANNA

Er um bótaskylt slys að ræða?

Fyrri hluti

Dr. Guðmundur Sigurðsson,
dósent við Háskólanum í Reykjavík

1 INNGANGUR	12
2 SKAÐABÓTARÉTTUR TJÓNPOLA	12
3 GREIÐSLUR FRÁ ÖÐRUM EN HINUM SKAÐABÓTASKYLDΑ	12
4 BÓTARÉTTUR SJÓMANNA	13
4.1 Inngangur	13
4.2 Gildissvið slysatryggingar sjómanna	14
4.2.1 Er um bótaskylt slys að ræða?	15
4.2.1.1 Hvaða sjómenn eru slysatryggðir?	15
4.2.1.2 Hvaða sjómenn njóta vátryggingaverndar samkvæmt hinni nýju slysatryggingu?	15
4.2.1.3 Hvaða sjómenn njóta aðeins vátryggingaverndar samkvæmt 172. gr. siglingalaga?	15
4.2.1.4 Skilyrði að slys verði um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips	16
4.2.1.4.1 Frítímahlysatrygging sjómanna á kaupskipum m.m.	17
4.2.1.5 Slysahugtakið	17
4.2.1.5.1 Hverníg ber að túlka slysahugtakið í 172. gr. siglingalaga?	17
4.2.1.5.2 Hverníg ber að túlka slysahugtakið í úrskurði gerðardóms?	21
4.2.1.5.3 Hvaða tjónstilvik á sjó kunna að falla utan slysahugtaksins?	21
4.2.1.6 Breytingar sem gerðar hafði verið á slysahugtakinu í Danmörku. Er ástæða til að breyta hugtakinu í slysatryggingu sjómanna?	25
4.2.2 Vítavert/stórkostlegt gáleysi eða ásetningur. Afleiðingar.	26
5 SAMANTEKT	32
HEIMILDASKRÁ	33
Dómar m.m.	34

1. INNGANGUR

Hver er bótaréttur¹ þess sem verður fyrir vinnuslysi? Verður hann að bera tjón sitt sjálfur eða getur hann reiknað með að fá tjónið bætt að hluta eða fullu úr hendi þriðja aðila? Hvers vegna er bótaréttur sjómanna betri en annarra launþega? Er ástæða til að ætla að sá réttur muni jafnast? Hver er raunverulegur bótaréttur sjómanna? Hvernig er þessum málum háttáð í nágrannalöndum okkar? Gætum við leitað fyrirmynnda þar?

Pessar og fleiri spurningar tengjast umfjöllun um bótarétt þeirra sem verða fyrir slysi við vinnu sína. Sú grein sem hér fylgir á eftir er sú fyrri af tveimur tengdum þessu efni. Í þeirri fyrri verða annars vegar tekin til umfjöllunar almenni atriði um bótarétt launþega og hins vegar álítaefni tengd slysatryggingu sjómanna. Gildissviði slysatryggingar sjómanna má skipta í two meginhluta. Sá fyrri, sem verður umfjöllunarefnin hér á eftir, snertir þá spurningu hvort um bótaskilt slys sé að ræða, þar með talið hvaða sjómenn séu vátryggðir, hvenær og á hvaða grundvelli. Sá seinni varðar ákvörðun bóta til tjónþola eða aðstandenda þeirra, þ.e. hver á rétt á bótum og hvert er umfang þeirra. Sá hluti verður til umfjöllunar í seinni greininni. Í þeirri grein mun einnig verða fjallað um slysabótarétt annarra launþega en sjómanna og hvort þar megi vænta einhverra breytinga. Þá verður fjallað um bótarétt launþega í nágrannalöndum okkar og hvort leita megi fyrirmynnda þar.

2. SKAÐABÓTARRÉTTUR TJÓNÞOLA

Í skaðabótarétti er sú meginregla talin gilda að sá sem verður fyrir tjóni verður að vera undir það búinn að bera tjónið sjálfur. Einungis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum getur tjónþoli fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra.² Skaðabótarétturinn fjallar m.a. um þessi skilyrði og hvernig ber að ákvárdar umfang tjóns.³ Seð í þessu ljósi má segja að skaðabótaréttur sé í raun samsafn undantekningarreglna frá framangreindri meginreglu.

Samkvæmt gildandi rétti hér á landi er almenna reglan sú að skaðabótaábyrgð byggist á sök. Hvað vinnuslys varðar þá er skaðabótaábyrgð í flestum tilvikum byggð á reglunni um vinnuveitandaábyrgð en þar er m.a. sök starfsmanns gerð að skilyrði bótaábyrgðar. Það

heyrir því til undantekninga að skaðabótaréttur þess sem verður fyrir vinnuslysi byggist á hreinni hlutlægri ábyrgð. Á ákveðnum sviðum hefur þó löggjafinn ákveðið að skaðabótaábyrgðin skuli vera hlutlæg, t.d. samkvæmt umferðar- og loftferðalögum.

3. GREIÐSLUR FRÁ ÖÐRUM EN HINUM SKAÐABÓTASKYLDÁ

Af því sem hér hefur verið sagt má ljóst vera að reglur skaðabótaréttarins eru þeim sem orðið hefur fyrir tjóni oft lítil vörn. Þannig á sá sem verður fyrir slysi við vinnu sína alls ekki alltaf rétt að fá tjón sitt bætt á grundvelli skaðabótareglina. Ef þar yrði látið staðar numið yrði mikil óvissa tengd því hvenær hinn slasaði launþegi fengi tjón sitt bætt og hvenær ekki.

Í velferðarþjóðfélagi er þörfin fyrir fjárhagslegt öryggi mjög mikil. Sá sem verður fyrir slysi sem hugsanlega verður þess valdandi að vinnugeta hans til frambúðar er veruleg skert, er í fæstum tilvikum í stakk búinn að ráða við þá tekjuskerðingu sem því er samfara.

Þetta hefur leitt til þess að byggt hefur verið upp bótkerfi samhliða skaðabótaréttinum þar sem í meira mæli er byggt á félagslegum sjónarmiðum.

Þegar bótaréttur þess sem orðið hefur fyrir vinnuslysi er ráddur er því nauðsynlegt að líta á bótarétt hans í heild en ekki einskorða sig við skaðabótarétt hans. Því þarf m.a. að kanna hugsanlegan rétt tjónþola til slysalauna, til bóta frá almannatryggingum, lífeyrissjóði, sjúkrasjóði verkalýðsfélags, slysatryggingu launþega, frjálsri slysatryggingu eða rétt hans til annarra félagslegra greiðslna. Hver raunverulegur bótaréttur hins slasaða er verður þá fyrst ljós að lokinni slíkri skoðun. Auk þess er rétt að hafa í huga að jafnvél þótt skaðabótaréttur sé til staðar urðu þær breytingar, sem gerðar voru á skaðabótalögum nr. 50/1993 með lögum nr. 37/1999, til þess að við útreikning skaðabóta þarf að kanna rétt tjónþola til greiðslna frá öðrum en hinum bótaskylda, enda koma þær greiðslur í vissum tilvikum til frádráttar skaðabótu.

Hér á eftir verður fjallað um einn hluta þessa bótaréttar, þ.e. slysatryggingar launþega. Eins og að framan greinir verður í þessari grein lögð áhersla á slysatryggingu sjómanna.

¹ Með bótarétti er bæði átt við skaðabótarétt, rétt til bóta úr tryggingum og rétt til slysalauna. Með tryggingabótum er bæði átt við bætur úr vátryggingum frá almannatryggingum, lífeyrissjóðum, sjúkrasjóðum stéttarfélaga og eftir atvikum aðrar félagslegar greiðslur.

² Arnþjórtur Björnsson (1999), bls. 14, Bo von Eyben, Helle Isager (2003), bls. 2.

³ Lødrup (1999), bls. 23.

4. BÓTARÉTTUR SJÓMANNA

4.I. Inngangur

Í 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er að finna meginreglu um skaðabótaábyrgð útgerðarmanns. Útgerðarmaður ber ábyrgð á tjóni sem rakið verður til yfirsjóna eða vanrækslu í starfi hjá skipstjóra, skipshöfn, hafnsögumanni eða öðrum sem starfa í þágu skips.⁴ Ábyrgðin byggist á sakargrundvelli.

Í 172. gr. siglingalaga er hins vegar að finna undantekningu frá meginreglu 171. gr. Pannig ber útgerðarmaður í vissum tilvikum hlutlæga skaðabótaábyrgð á líf- eða líkamstjóni skipverja sem ráðnir eru í skipsrúm hjá honum. Samkvæmt 2. mgr. 172. gr. siglingalaga er útgerðarmanni skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann kunna að falla skv. 1. mgr. með fjárhæðum samkvæmt 2. gr. 172. gr. laganna. Samkvæmt 5. tl. 175. gr. laganna takmarkast hin hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns við fjárhæðir samkvæmt 2. mgr. 172. gr.⁵ Ef bætur eru greiddar úr vátryggingunni losnar útgerðarmaður undan hlutlægu ábyrgðinni. Hann getur þó eftir sem áður orðið skaðabótaskyldur skv. 171. gr.

Par sem bætur samkvæmt 2. mgr. 172. gr. siglingalaga eru oft lægri en sem nemur raunverulegu tjóni reynir mjög oft á skaðabótaábyrgð útgerðarmanns gagnvart sjómönum sem slasast við vinnu sína.⁶ Því er ljóst að bætur skv. 172. gr., sem bera ákveðnum félagslegum sjónarmiðum glöggjt vitni, er ekki ætlað að bæta tjón að fullu heldur tryggja sjómönum lágmarksbætur og draga þannig úr fjárhagslegu áfalli sem slysum er óhjákæmilega samfara.

Ákvæði 172. gr. siglingalaga um skyldu útgerðarmanns til að slysatryggja starfsmenn sína er um margt sérstakt í íslenskri löggjöf. Pannig hefur almenna reglan á íslenskum vinnumarkaði verið sú að um slysatryggingar launþega er samið í kjarasamningum. Þegar horft er til þess hver slysabótaréttur launþega er samkvæmt þeim tryggingum má álykta að mönnum hafi ekki verið sá bótaréttur ofarlega í huga við gerð kjarasamninga, en

bætur úr slysatryggingu launþega nema oftar en ekki að eins litlum hluta hins raunverulega tjóns og skortir því mikið upp á að launþegi sem slasast, geti reiknað með að fá tjón sitt að fullu bætt.⁷ Skaðabótarétturinn gegnir því mikilvægu hlutverki við uppgjör slysamála launþega.

Réttarstaða sjómannna er hins vegar önnur og yfirleitt betri en annarra launþega. Mönum er það ljóst að sjóslys eru oft alvarleg og sjómaður sem þarf að hætta sjómennsku vegna afleiðinga slyss, er í mikilli þörf fyrir að fá tjón sitt bætt. Segja má að þessi sameiginlega sýn forsvarsmannna sjómannna og útgerðarmanna á mikilvægi bótaréttar sjómannna hafi leitt til þess að árið 2000 var tekið fyrsta skrefið í þá átt að gjörbreyta slysabótarétti sjómannna. Í kjölfarið fylgdu svo fleiri skref sem fólu í sér raunverulega byltingu í bótarétti sjómannna.

Upphaf þessarar byltingar má rekja til yfirlýsingar kaupskipaútgerða⁸ frá 6. maí 2000 um breytingu á kjarasamningi félagsmannna í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Þar er staðfest sú meginregla að slysabætur skuli ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalauga nr. 50/1993.⁹ Í kjölfarið fylgdi síðan samningur sem Samtök atvinnulífsins, f.h. LÍÚ, og Vélstjórafélag Íslands, gerðu með sér 9. maí 2001.

Hins vegar tókst ekki að leysa vinnudeili Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða annars vegar og aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) hins vegar. Með lögum nr. 34 frá 16. maí 2001 um kjaramál fiskimanna og fleira var höggið á þann hnút. Í 2. gr. þeirra laga kemur kemur fram að hafi deiluðilar ekki náð samkomulagi fyrir 1. júní 2001 skuli Hæstiréttur tilnefna þrijá menn í gerðardóm. Hafði gerðardómurinn m.a. það hlutverk að ákveða tilhögun slysatrygginga sjómannna.

Gerðardómur úrskurðaði í deiunni 30. júní 2001 og gilti úrskurðurinn frá og með 16. maí 2001.

⁴ Sjá nánar um 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985, Arnljótur Björnsson (1990), bls. 298-311.

⁵ Sjá um 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og slysatryggingu sjómannna, Arnljótur Björnsson (1986), bls. 239-254.

⁶ Sjá nánar um réttarstöðu sjómannna á tímabilinu 1963-1985, Arnljótur Björnsson (1972) bls. 242-253, (1986) bls. 252, og (1990), bls. 311-312.

⁷ Sjá Guðmundur Sigurðsson (1999), bls. 10-11.

⁸ Kaupskipaútgerðirnar voru Hf. Eimskipafélag Íslands, Samskip hf. og Oliudreifing ehf.

⁹ Í grein 5.2.a. 1. og 2. mgr. í kjarasamningi milli Sjómannafélags Reykjavíkur og kaupskipaútgerða, eins og honum var breytt með yfirlýsingu 6. maí 2000, segir eftirfarandi:

"Útgerðin skal tryggja hvern mann sem samningur þessi nær til í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1984.

Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalauga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatryggingu sjómannna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingafélaga."

Sambærilegar yfirlýsingar voru gefnar út gagnvart íslenskum vélstjórum og skipstjórnarmönnum á kaupskipum sömu útgerða, 20. og 23. nóvember 2000. Þá gilda sómu reglur um slysatryggingu sjómannna á t.d. ferjunum Herjólf, sknr. 2164, Baldri, sknr. 2044, og Sæfara, sknr. 2063, og dýpkunarskipunum Perlu, sknr. 1402, og Sóleyju, sknr. 1894.

Í úrskurði gerðardóms segir m.a. um slysatryggingu sjómanna:

"Útgerðin skal tryggja hvern þann mann sem samningur pessi nær til¹⁰ og slasast um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.

Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákværðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.¹¹

Pannig má segja að núna sé almenna reglan sú að sjómaður sem slasast við vinnu sína um borð í skipi eða í beinum tengslum við rekstur skips á rétt á að fá tjón sitt að fullu bætt án tillits til þess hvort útgerðarmaður beri skaðabótaábyrgð á tjóninu eða ekki.¹² Segja má að hér hafi skaðabótaréttinum nánast verið ýtt til hliðar og núna fari uppgjör slysabótamála sjómanna fram á grundvelli vátryggingarsamnings, nokkuð sem aftur leiðir til þess að við meðferð slíkra mála er fyrst og fremst verið að staðreyna umfang tjóns. Segja má að með þessu sé hlutverk vátryggingaráettarins verulega

¹⁰ Gerðardómurinn nær til eftirfarandi samninga:

Kjarasamnings milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Fármanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Alþýðusambands Vestfjarða, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar og Landssambands íslenskra útvegsmanna og Alþýðusambands Austurlands.

¹¹ Í úrskurði gerðardóms segir m.a. eftirfarandi um breytingar á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands:

"Hinn lögfesti kjarasamningur málsaðilanna, Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 27. mars 1998, framlengist með eftirlöldum breytingum til 31. desember 2003..."

Slysatrygging

Í stað 1.-4. mgr. í gr. 1.22 komi þessi ákvæði:

1.22. Um tryggingar

Útgerðin skal tryggja hvern þann mann sem samningur pessi nær til og slasast um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.

Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákværðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.

Bætur úr vátryggingu þessari dragast frá skaðabótum frá útgerð.

Skaðabætur frá bóta skyldum þrója aðila eða samkvæmt ábyrgðartryggingu koma til frádráttar bótum samkvæmt vátryggingu þessari.

Um vátryggingu þessa skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatryggingu sjómanna.

Bætur má lækká eða fella niður eftir tónpoli hefur valdið slysif af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Eigi tónpoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ókutækis eða slysatryggingu ókumanns og eigenda, skerðast bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

Kostnaðarhlutdeili hinna tryggðu skal vera kr. 2.100 á mánuði og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði. Þessi fjárhæð taki sömu breytingum og kauptrygging tekur á hverjum tíma. Kostnaðarhlutdeildin skal vera óháð stöðu hins tryggða um borð."

Í úrskurði gerðardóms er að finna samþærilegar breytingar á kjarasamningum milli Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga Landssambands íslenskra útvegsmanna og Fármanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og Alþýðusambands Vestfjarða, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar og Landssambands íslenskra útvegsmanna og Alþýðusambands Austurlands. Þá er samþærilegt ákvæði að finna í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfélaga LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands frá 9. maí 2001. Sá kjarasamningur gildir til 31. desember 2005.

¹² Þannig segir í gerðardómi að útgerðarmaður skuli tryggja sjómenn sem slasast undir ákvæðnum kringumstæðum í samræmi við 172. gr. siglingalaga en þar er að finna reglu sem kveður á um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns.

¹³ Sú breyting sem gerð var á bótarétti sjómanna á árunum 2000 og 2001 var í raun ekki fyrsta heldur önnur byting sem gerð var í tengslum við bótarétti þeirra. Sú fyrri var gerð með lögum nr. 58, 29. maí 1972, en samkvæmt þeim skyldi útgerðarmaður berá hlullega skaðabótaábyrgð á tjóni vegna slysa sem skipverjar eða aðrir tilteknir menn urðu fyrir í vinnu í þágu skips. Lögin tóku gildi 1. október 1972. Í greininni, "Byting í bótarétti", sem Arnþjóður Björnsson skrifði í 3. tbl. Útlifjóts 1972, bls. 242-253, var að finna harkalega gagnrýni á lög nr. 58/1972. Í niðurlagi greinarinnar segir eftirfarandi: "Með hlíðsþjóni af framangreindri gagnrýni á lögnumunum, tel ég að þau beri eftir fella úr gildi. Ef það verður ekki gert álit ég rétt að fresta gildistóku þeirra í eitt eða tvö ár. Þann tíma ætti að nota til könnunar að hvort ekki séu önnur og betri úrræði til að tryggja sjómannan og e.t.v. öðrum stéttum meiri slysabætur en nú tilkast. Mitt álit er að það verði ekki gert með breytingu á réttareglum um skaðabætum heldur með auknun slysatryggingum." Í desember 1972 var ákvæðum laga nr. 58/1972 breytt verulega með lögum nr. 108/1972. Þar með lauk bytingunnar fyrri. Sjá Arnþjóður Björnsson (1990), bls. 311. Bytingin í bótarétti frá 2000 og 2001, sem segja má að sjómenn og útvegsmenn hafi gert í sameiningu, er vissulega í anda niðurlagsorða Arnþjóðar Björnssonar í greininni frá 1972. Full ástæða er til að ætla að sú byting á bótarétti sjómanna verði mun langlífari en sú fyrri.

aukið á kostnað skaðabótaréttarins.¹³

Hér á eftir verður farið nánar í þessar nyju reglur um slysatryggingu sjómanna.

4.2. Gildissvið slysatryggingar sjómanna

Eins og fram kom í kafla 1 hér að framan má skipta umfjöllun um gildissvið slysatryggingar sjómanna í two meginhluta. Í fyrsta lagi þarf að taka afstöðu til þess hvort um bótaskylt slys er að ræða. Sé svo þarf í öðru lagi að svara hvort sá sem krefur um bætur á bótarétt samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 og/eða 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Eigi viðkomandi bæði bótarétt samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga og 172. gr. siglingalaga ber að greiða honum bætur samkvæmt þeim reglum sem leiða til hærri heildarbóta. Í flestum tilvikum liggur ljóst fyrir að bætur samkvæmt reglum skaðabótalaga eru hærri. Niðurstaðan kann þó að vera önnur þegar um banaslys er að ræða. Hér á eftir verður nánar fjallað um fyrri hluta gildissviðs slysatryggingar sjómanna.

4.2.1 Er um bótaskylt slys að ræða?

4.2.1.1 Hvaða sjómenn eru slysatryggðir?

Eins og fram kemur í úrskurði gerðardóms og þeim kjarasamningum sem að framan er getið er útgerðarmönnum skyld að tryggja þá sjómenn sem samningarnir ná til. Skyldan nær til þess tímabils sem sjómaður er ráðinn hjá útgerð. Sambærileg skylda hvílir á útgerðarmanni samkvæmt 1. ml. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga¹⁴ en þar kemur fram að hann ber takmarkaða en þó hlutlæga skaðabótaþyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skipsrúm hjá honum.

Þó svo að 172. gr. siglingalaga, gerðardómur og kjarasamningar frá 2000 og 2001, leggi þá skyldu á herðar útgerðarmanni að slysatryggja þá sjómenn sem ráðnir eru í skipsrúm hjá honum er ekki þar með sagt að allir sjómenn eigi sambærilegan rétt til våtryggingaverndar. Þannig þurfa sumir sjómenn að láta sér nægja þá slysatryggingu sem um getur í 172. gr. siglingalaga, þ.e. bótaráttur þeirra er ekki ákveðinn samkvæmt reglum skaðabótalaga. Slysatrygging á grundvelli 172. gr. siglingalaga verður hér eftir nefnd gamla slysatryggingin en trygging sú sem byggist á úrskurði gerðardóms og kjarasamningum frá 2000 og 2001 verður nefnd nýja slysatryggingin.

4.2.1.2 Hvaða sjómenn njóta våtryggingaverndar samkvæmt hinni nýju slysatryggingu?

Segja má að allir sjómenn sem ráðnir eru á fiskiskip, 12 rúmlesta eða stærri, eigi að vera våtryggðir samkvæmt hinni nýju tryggingu. Sama gildir um alla íslenska sjómenn sem ráðnir eru á kaupskip hjá, Eimskipafélagi Íslands Hf. Samskipum hf. og Olíudreifingu ehf.¹⁵

¹⁴ 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skipsrúm hjá honum hafi slys boríð að höndum er hlutaðeigandi var staddir á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips, enda þótt slysio eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra óryggisrástafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágum skips. Lækka má félætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slys eða tjóni varð, sýndi vitávert gáleyri sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu tyrr dánarbóturnum og slysabóturnum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnfrað í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir:

1. Dánarbætur:

a. 360.000 kr. við andlít er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðareglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

b. 100.000 kr. til viðbótar greiðsli skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.

c. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlít eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur tað eftir d-lið þessa töluðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.

d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldrí ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

a. Dagpeningar sem greiðast eftir sómu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeningar sé aldrei hærrí en þau laun sem hin slasaði hafði fyrir slysio.

b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 9.100 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1–25%, 18.200 kr. á bilinu frá 26–50% og 27.300 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.

Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokk Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrep) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

¹⁵ Sjá nánar fótnótu nr. 9.

4.2.1.3 Hvaða sjómenn njóta aðeins

vátryggingaverndar samkvæmt 172. gr.

siglingalaga?

Meginreglan er sú að útgerðarmönnum skipa undir 12 rúmlestum, hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa og farþegaskipa til skoðunarferða, ber aðeins skylda til að våtryggja samkvæmt 172. gr. siglingalaga.

Í 1. gr. siglingalaga kemur fram að löginn gilda um öll skip sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Í 1. gr. laga nr. 115/1987 um skráningu skipa segir að sérhvert skip sem er sex metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna, sé skráningarskylt. Af þessu mætti draga þá ályktun að skylda til að kaupa våtryggingu samkvæmt 172. gr. taki aðeins til skipa sex metra eða lengri.

Með lögum nr. 55/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna, siglingalögum nr. 34/1985 og lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum. Tilgangurinn með þessum breytingum var að tryggja að allir sjómenn á íslenskum skipum væru slysa- og líftryggðir. Lög nr. 55/2001 voru samþykkt á Alþingi 16. maí 2001 og tóku gildi 13. júní sama ár.

Fyrir breytingu þá sem gerð var á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með lögum nr. 55/2001, var í 2. gr. kveðið á um að skylt væri að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri. Einn megingangur með lögskráningu sjómanna var og er að ganga úr skugga um að áhöfn skips sé tryggð í samræmi við 172. gr. siglingalaga. Því er kveðið á um það í lögum um lögskráningu sjómanna að við fyrstu árlegu lögskráningu í

skipsrúm skuli sýna lögskráningarstjóra yfirlýsingum frá viðkomandi tryggingafélagi um að í gildi sé slík trygging. Lögskráning sjómanna fer fram á útgerðarstað skips og er gerð hjá sýslumönnum og Tollstjóra í Reykjavík.

Í greinargerð með lögum nr. 55/2001 kemur fram að ekki þótti ástæða til að krefjast þess að sjómenn á skipum undir 20 brúttótonnum væru lögskráðir.¹⁶ Til þess hins vegar að ná fram því markmiði að allir sjómenn skuli vera slysatryggðir skv. 172. gr. siglingalaga, einnig þeir sem eru á skipum undir sex metrum, voru lagðar til og samþykktar breytingar á þeim lögum sem að framan voru nefnd.

Í fyrsta lagi segir nú í 2. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna, að lögskrá skuli alla skipverja á skipum sem eru 20 brúttótonn eða stærri, en að heimilt sé með reglugerð að veita undanþágur frá ákvæðum þessara laga um að lögskrá áhafnir hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa og farþegaskipa til skoðunarferða.¹⁷ Segir í greinargerð að fjöldi skipa undir 20 brúttótonnum sé mikill, en sjósókn óregluleg og verulegt óhagræði myndi fylgja lögskráningar skyldu fyrir slík skip.

Í öðru lagi var sú breyting gerð á 2. mgr. 172. gr. siglingalaga að sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips sé honum skylt að tryggja sig með sama hætti og aðra áhafnarmeðlimi. Með þessu móti er útgerðarmönnum smábáta skylt að slysatryggja sig. Þar sem markmiðið með lögum nr. 55/2001 var að slysatryggja alla sjómenn samkvæmt 172. gr. siglingalaga, hvort sem skylt er að lögskrá á viðkomandi skip eða ekki, bættist nýr málslíður við 1. mgr. 15. gr. laga nr. 35/1993,¹⁸ um eftirlit með skipum þar sem segir að ekki skuli gefa út haffærisskíteini eða annað jafngilt skírteini fyrir skip sem er minna en 20 brúttótonn nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.¹⁹

Af þessu virðist ljóst að Alþingi samþykkti þann 16. maí 2001 að allir sjómenn á íslenskum skipum skuli tryggðir samkvæmt 2. mgr. 172. gr. siglingalaga.²⁰ Útgerðarmenn bera ábyrgð að svo sé. Þó svo að í lögum nr. 43/1987 og 47/2003 sé búið þannig um hnútana að ekki skuli lögskrá á skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri, né gefið út haffærisskíteini fyrir minni skip nema fyrir liggi staðfesting tryggingafélags um slysatryggingu, er aldrei hægt að útiloka að útgerðarmaður geti vanrækt að hafa tryggingu í gildi. Sé sú raunin er hann í öllum tilvikum ábyrgur fyrir viðkomandi bótageiðslum. Auk þess segir í 3. ml. 6. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna að reynist útgerðarmaður skips, 20 brúttótonn eða stærri, eigi fær um greiðslu slíkra bóta beri ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra. Ríkissjóður ber hins vegar ekki að lögum sambærilega ábyrgð þegar um skip undir 20 brúttótonnum er að ræða.

4.2.1.4 Skilyrði að slys verði um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips
Í úrskurði gerðardóms er með sama hætti og í 172. gr. siglingalaga tekið fram að trygging sú sem útgerðarmönnum er skylt að kaupa eigi aðeins að gilda um slys sem verða um borð í skipi eða í vinnu í tengslum við rekstur skips. Með þessu orðalagi er lögð áhersla á að tryggingunni er aðeins ætlað að taka til vinnuslysa sjómanna.

Nú er það svo að langflest slys sem sjómenn verða fyrir við vinnu sína eiga sér stað um borð í skipi. Því liggar það oftast ljóst fyrir að viðkomandi slys fellur innan gildissviðs tryggingarinnar. Rétt er einnig að hafa í huga að slasist sjómaður um borð í skipi, jafnvel þótt skipið sé í höfn, tekur tryggingin til atviksins ef tjónpolinn er ráðinn á viðkomandi skip. Sé svo skiptir ekki máli hvort hann er við vinnu eða ekki er hann slasast.

Það orðalag að skipverjar séu einnig tryggðir við vinnu sína í tengslum við rekstur skips hefur vart eða ekki

¹⁶ Rétt er að hafa í huga að sú breyting að miða lögskráningar skyldu við 20 brúttótonna skip eða stærri í stað 12 brúttórúmlestu byggist á breytrum alþjóðasamþykktum mælingum skipa og leiðir til litlu breytingu á þeim fjöldu skipa sem lögskráningar skyldu teknu til. Þannig segir m.a. eftirfarandi í greinargerð með 1. gr. laga nr. 55/2001, sjá 126. löggjafarpeng 2000–2001. Pskj. 1012–635. mál: "Ekki er ætlunin að láta lögskráningar skyldu ná til fleiri skipa en verið hefur. Hinn 1. janúar 2001 voru á skipaskrá 1.646 skip minni en 12 brúttórúmlestir sem notuð eru í atvinnuskyri og því utan lögskráningar skyldu samkvæmt frumvarpi þessu."

¹⁷ Í 2. gr. nr. 880/2001 um lögskráningu sjómanna segir að lögskráningarstjórar geta veitt undanþágur frá lögskráningar skyldu til útgerða hafnsögubáta, dráttarbáta og björgunarskipa Slysavarnafélagsins Landsbjárgar að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Þar á meðal er skilyrð um að útgerðarmaður eða skipstjóri leggi fram yfirlýsingum frá tryggingafélagi um tryggingu skipverja samkvæmt 172. gr. siglingalaga.

¹⁸ Sjá nú 2. ml. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Lögin voru samþykkt að Alþingi 10. mars 2003 en öðluðust gildi 1. janúar 2004.

¹⁹ Sjá 126. löggjafarpeng 2000–2001. Pskj. 1012–635. mál.

²⁰ 16. maí 2001 samþykkti Alþingi einnig lög nr. 34 um kjaramál fiskimanna og fleira. Í kjölfarið fylgdi svo úrskurður gerðardóms dags. 30. júní 2001 og gitti úrskurðinn frá og með 16. maí sama ár. Eins og að framan greinir úrskurðaði gerðardómur um viðtækari bótarétt til handa ákvæðum sjómönnum en leiðir af 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Vilji löggjafans, samanber lög nr. 55/2001, stóð hins vegar ekki til að svo viðtæk trygging skyldi gilda fyrir alla sjómen.

4.2.1.5.I Hvernig ber að túlka slysahugtakið í 172. gr. siglingalaga?

Í 1. ml. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga segir að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. Ljóst virðist af þessu að þess er krafist að útgerðarmaður kaupi slysatryggingu hjá tryggingafélagi.

Í skilmálum fyrir slysatryggingu sjómanna sem gilda hjá íslenskum tryggingafélögum er hugtakið slys skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Sambærilegt ákvæði hefur verið í skilmálum íslenskra tryggingafélaga um áratugaskeið.²⁴

EKKI er að finna í lögskýringargögnum með 172. gr. siglingalaga skilgreiningu á slysahugtakinu. Þannig er ekki á það minnst hvort leggja eigi til grundvallar hið hefðbundna slysahugtak vátryggingaráttarins eða ekki. Í framkvæmd hefur hins vegar verið út frá því gengið að slysahugtakið í 172. gr. sé það sama og í vátryggingaráttinum.

Séð í þessu ljósi verður að telja eftirfarandi orðalag í dómi Hæstaréttar frá 8. júní 2000, mál nr. 21/2000,²⁵ athyglisvert:

"Af hálfu stefnda er því halddið fram að áfrýjandi hafi ekki orðið fyrir slysi í merkingu 1. mgr. 172. gr. siglingalaga. Vísar hann meðal annars til þess að í skilmálum fyrrnefndrar áhafnartryggingar sé orðið „slys“ skilgreint á þann veg að átt sé við „skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er, og gerist sannanlega án vilja hans. Orðið „slys“ í 172. gr. horfir til þess er skipverji verður fyrir líkamstjóni vegna ákomu eða áhrifa utan að. Áðurnefnd skilgreining er í samræmi við hefðbundin viðhorf í slysatryggingum hér á landi og þannig fallin til leiðbeiningar um það hvað við sé

valdið deilum í framkvæmd. Þá eru þau slys sem þannig myndu flokkast svo fá að ósennilegt er að það skipti marktækumáli varðandi iðgjöld vegna tryggingarinnar hvort þau eru látin falla utan eða innan gildissviðs tryggingarinnar. Rétt er að hafa í huga að í úrskurði gerðardóms er séristaklega tekið fram að eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögböðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eigenda, komi þær greiðslur til frádráttar bótum úr slysatryggingu sjómanna. Þetta þyðir með öðrum orðum að bætur yrðu greiddar úr ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns en ekki slysatryggingu sjómanna. Þessi tilhögun dregur enn frekar úr líkum á að slysatryggingabætur verði greiddar vegna þess að sjómaður hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína í tengslum við rekstur skips án þess að það sé jafnframtí um borð í skipinu.²¹

4.2.1.4.I Fritímalslysatrygging sjómanna á kaupskipum m.m.

Sá er munur á slysatryggingu þeirri sem byggist á úrskurði gerðardóms og samningum LÍÚ og vélstjóra annars vegar, og tryggingu sjómanna á kaupskipum m.m. frá 2000 og 2001²² hins vegar, að trygging þeirra síðarnefndu tekur einnig til slysa í frítíma. Þannig segir t.d. í 3. mgr. gr. 5.2. í kjarasamningi félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem starfa á kaupskipum:

"Trygging gegn slysadauða og/eða varanlegri slysáðorku gildir meðan skipverji er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupi hjá útgerðinni vegna slyss eða veikinda, enda þótt afskráður sé vegna þess. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn skipverja á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna samningsbundinna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slysa sem skipverji kann að verða fyrir við störf sín í þágú annarra en útgerðarinnar, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa er skipverji verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágú.²³

²¹ Sjá nánar um skilyrði þess að slys verði við vinnu í tengslum við rekstur skips. Arnljótur Björnsson (1972), bls. 244, og (1986), bls. 240-241.

²² Sjá fótnotu nr. 9.

²³ Sjá nánar í kafla 4.2.1.6. Hugleiðingar um m.a. frítímalslysatryggingu sjómanna.

²⁴ Sjá einnig um slysatryggingu sjómanna, Arnljótur Björnsson (1981), bls. 32-34, og (1986), bls. 245. Hugtakið slys í skilmálum íslensku tryggingafélaganna á sér norræna fyrirmynd þar sem það hefur verið notað um langan aldur, sjá t.d. U 1963:701 Ø. Sjá einnig Nielsen (2002), bls. 4, þar sem fram kemur að hið almenna slysahugtak slysatrygginga í Danmörku, og þá einnig á Íslandi, er frá árinu 1898.

²⁵ Atvik mál eins voru með þeim hætti að S, sem var í skipsrúmi á skipi H, varð 7. mars 1996 fyrir meiðslum á hálsi í átökum við annan skipverja meðan þeir voru að vinnu á þilfari skipins, þar sem það var að veiðum. Um atvik málins segir m.a. í dómi Hæstaréttar: "Samkvæmt frambrúði skipverja fyrir lögreglu og dómi virðast átökin hafa spottið af orðaskaki milli áfrýjanda og skipsfélaga hans, sem taldi hann standa slælega að aðgerðavinnuni. Hafi þeir einnig kastað kola hvor að örðum, án þess þó að fullt verði hvar orðið hafi fyrri til. Framhald pessarar sennu varð að þá leið að hinna skipverjinn stökk upp á aðgerðaborðið sem þeir félagar stöðu við, og síðan ofan af því og að áfrýjanda þannig að átökin urðu aðallega hans megin borðsins. Áfrýjandi rekur meiðslu sin einkum til þess að gagnaðillini hafi náð á sér háilstaki en þeim sjálflum og vitnumum ber ekki saman að öllu leyti um hin nánari atvik að átökunum, sem stöðu mjög skamma stund."

átt í þessari lagagrein. Hana ber þó að skýra sjálftætt, og endanlega verður undir mati komið hvort hugtakið slys eigi við um tiltekin atvik.”

Petta orðalag Hæstaréttar kallar vissulega á svör við því hvort Hæstiréttur er að segja að slysaugtak 172. gr. siglingalaga beri að túlka með örðrum hætti en það hugtak hefur almennt verið túlkað í framkvæmd hér á landi, og ef svo er, í hverju Hæstiréttur telur að slysaugtak 172. gr. víki frá slysaugtakinu í slysatryggingu sjómanna.²⁶

Til að reyna að svara þessum spurningum er rétt að líta fyrst á þær breytingar sem átt hafa sért stað á slyسابótarétti sjómanna frá gildistöku laga nr. 58/1972 til gildistöku 172. gr. siglingalaga árið 1985. Með því móti kann að vera hægt að varpa ljósi á innihald slysaugtaks 172. gr. siglingalaga.

Með lögum nr. 58/1972 var lögfest sem 2. mgr. 205. gr. siglingalaga nr. 66/1963 ótakmörkuð hlutlæg skaðabótaábyrgð útgerðarmaðrinn á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns sjómanna, enda hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddir á skipi eða vann í þágú skips. Skyldi uppgjörið fara samkvæmt reglum skaðabótaréttarins. Var tekið fram að útgerðarmaðurinn bæri ábyrgð á kröfum, enda þótt slysið eða tjónið væri ekki rakið til bilunár á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu. Síðan sagði að lækka mætti bætur eða fella niður ef sá sem fyrir slysi eða tjóni varð hafi með framkomu sinni sýnt af sér vítavert gáleysi, sem leitt hafi til slyssins eða tjónsins.

Hvorki var í lögum nr. 58/1972 né greinargerð að finna skilgreiningu á slysaugtakinu. Þá var ekki lögð skylda á útgerðarmann að kaupa tryggingu. Það kemur hins vegar greinilega fram í lögnum og greinargerðinni að hér voru á ferðinni reglur skaðabótaréttarlegs eðlis.²⁷ Ætlunin var einfaldlega að sjómaður sem slasaðist við vinnu sína fengi tjóni sitt að fullu bætt án tillits til þess

hvort tjónið var rakið til sakar eða ekki.

Af þessu virðist ljóst að aldrei var ætlunin með lögum þessum að túlka hugtakið slys með sama hætti og í vátyggingaráttinum, enda hefði slíkt eftir atvikum getað orðið til þess að tjónpoli fengi ekki tjón sitt bætt í öllum tilvikum, en slíkt hefði augljóslega verið í andstöðu við það sem að var stefnt með lagasetningunni.²⁸

EKKI verður því annað séð en að slysaugtak laga nr. 58/1972 hafi verið slysaugtak skaðabótaréttarins en ekki vátryggingaráttarins. Væri lífs- eða líkamstjón rakið til slyss bar útgerðarmaður hlutlæga ábyrgð. Með líkamstjóni er átt við meiðsli eða spjöll á líkama og með lífstjóni er átt við líkamstjón sem leiðir til dauða. Líkamstjón í skilningi skaðabótaréttarins getur hvort heldur sem er tekið til beins líkamlegs áverka eða andlegra afleiðinga.²⁹ Ljóst er að aðeins var ætlunin að bæta tjón sem stafaði af slysi en ekki tjón sem rekja mátti til sjúkdóms.³⁰

Lög nr. 58/1972 öðluðust gildi 1. október 1972. Lögin voru harðlega gagnrýnd, einkum af útvegsmönnum og samtökum þeirra.³¹ Fór svo að hin ótakmarkaða hlutlæga skaðabótaábyrgð var afnumin með lögum nr. 108/1972 sem tóku gildi 21. desember 1972. Með lögum nr. 108/1972 var m.a. kveðið svo á að hafi útgerðarmaður keypt slysatryggingu á sjómönnum með nánar tilgreindum bótafjárhæðum þá beri hann ekki frekari hlutlæga skaðabótaábyrgð. Væri hins vegar vátrygging ekki keypt bar útgerðarmaður eftir sem áður ótakmarkaða hlutlæga skaðabótaábyrgð gagnvart hinum slasaða sjómanni, enda var ekki með lögum nr. 108/1972 vikið frá þeiri reglu að ábyrgð útgerðarmaðrinn var skaðabótaábyrgð. Í greinargerð með frumvarpið segir um breytinguna: “Í tillögu þessari er gert ráð fyrir að útgerðarmönnum sé skylt að kaupa tryggingu í stað samningsbundinna trygginga, þar sem bótafjárhæðir eru hækkaðar verulega. Þykir því rétt að setja ákvæði í siglingalögini, er segi að bætur

²⁶ Það að Hæstiréttur taki svo til orða eins og hann gerir er mjög athyglisvert, sérstaklega séð í því ljósi að slysaugtak það sem almennt er notað í slysatryggingu hefur verið nánast óbreytt áratugum saman. Prátt fyrir þennan dóm Hæstaréttar hafa íslensk tryggingafélög ekki gert breytingar á slysaugtakinu í slysatryggingu sjómanna.

²⁷ Sjá Arnjótur Björnsson (1972), bls. 244-245, þar sem fram kemur að hann telur að hin hlutlæga skaðabótaábyrgð útgerðarmannskv. lögum nr. 58/1972 hafi aðeins náð til tjóns af völdum slyss. Af þeim dænum sem Arnjótur nefnir á bls. 245 verður dregin sú ályktun að hann telji slysaugtakið eftir atvikum geta átt við tjón sem fallið geti utan gildissviðs hins hefðbundna slysaugtaks vátryggingaráttarins. Þannig segir hann m.a.: “Eftrí nýju skaðabótaréglunni myndi útgerðarmaður líka geta orðið bótaábyrgur fyrir meiðsli, sem starfsmáður hans hlítur í áflögum, ef “vítavert gáleysi” er ekki sannað á slasaða...”

²⁸ Sjá Alpt., A-deild 1971, bls. 241-242.

²⁹ Sjá Bo von Eyben og Isager (2003), bls. 9.

³⁰ Sjá Arnjótur Björnsson (1972), bls. 244. Á þremur stöðum í lagaákvæði því sem varð að 2. mgr. 205. gr. siglingalaga nr. 66/1963 með lögum nr. 58/1972 er notað orðalagið slysið eða tjónið. Engin skýring er gefin á þessu orðalagi í greinargerðinni eða í örðum lögskýringargögnum. Séð í því ljósi að slysaugtak laga nr. 58/1972 var hugtak skaðabótaréttarins verður ekki séð að ætlunin hafi verið að bæta eða bað sem ekki verður rakið til slyss. Þannig er ekkert í lögskýringargögnum sem bendir til þess að hugsunin hafi t.d. verið sú að láta hugtakið tjón ná til afleiðinga atvinnutengdra sjúkdóma.

³¹ Sjá Arnjótur Björnsson (1972), bls. 242-253. Sjá einnig fótntóu nr. 13.

vegna þeirrar tryggingar séu fullnaðarbætur, enda er óhjákvæmilegt að samræmi sé milli siglingalaganna og tryggingalaganna um þessi efni.”³² Var því lagt til í frumvapi til laga nr. 108/1972 að í þeim tilvikum þar sem tjónið var ekki skaðabótaskylt samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins, þ.e. sakarábyrgð, skyldi hin hlutlæga skaðabótaábyrgð útgerðarmanns takmarkast við fjárhæðir samkvæmt 1. og 2. tl. 75. gr. almannatryggingalaga, enda hafi viðkomandi útgerðarmaður keypt tryggingu samkvæmt þeiri grein. Við meðferð málsins í neðri deild lögðu sex þingmenn fram breytingartillögu við frumvarpið þar sem m.a. var lagt til að við siglingalöggin yrði bætt nýju ákvæði þar sem tiltekið væri hvaða tryggingar útgerðarmaður þyrfti að kaupa fyrir skipverja til að teljast laus undan frekari hlutlægi skaðabótaábyrgð. Breytingartillaga þeirra var samþykkt.

Þó svo að með lögum nr. 108/1972 hafi verið stigið það skref að gefa útgerðarmönnum tækifæri til að koma sér undan ótakmarkaðri hlutlægri skaðabótaábyrgð með kaupum á tryggingu með nánar tilgreindum dánar- og slysabótum, var ábyrgð útgerðarmanns eftir sem áður skaðabótaábyrgð og því í raun ekkert sem bendir til þess að slysahugtak laganna hafi breyst frá því sem var í lögum nr. 58/1972. Þannig verður ekki ráðið af lögskýringargögnum að ætlunin með tryggingákvæðinu hafi verið að innleiða í lögini slysahugtak vátryggingaréttarins.³³

Ákvæðum laga nr. 108/1972 um slysatryggingu var síðan breytt með lögum nr. 25/1977. Breyting sú fólfyrst og fremst í sér að bótafjárhædir vátryggingarinnar voru hækkaðar frá því sem áður var.³⁴

Í 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er tekin upp meginregla 2. mgr. 205. gr. siglingalaga nr. 66/1963

um hlutlæga skaðabótaábyrgð útgerðarmanns á vinnuslysum sjómanna. Í 2. mgr. 172. gr. er hins vegar kveðið á um að útgerðarmaður skuli kaupa tryggingu fyrir dánar- og slysabótum sem hann kann að bera ábyrgð á. Samkvæmt 5. tl. 175. gr. siglingalaga er hin hlutlæga skaðabótaábyrgð útgerðarmanns taknörkuð við bótafjárhædir samkvæmt 2. mgr. 172. gr. Eins og áður er hin hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns skaðabótaábyrgð og ekkert í lögskýringargögnum sem bendir til þess að slysahugtak greinarinnar hafi breyst frá því sem áður var.³⁵

Niðurstaða þessa, sem hér hefur verið rakið um slysahugtak siglingalaga frá 1972 til gildandi laga, er að hugtakið ber að skýra í samræmi við reglur skaðabótaréttar en ekki eins og slysahugtak vátryggingaréttar. Í þeim tilvikum, þar sem tjón kann að vera bótaskylt samkvæmt slysahugtak skaðabótaréttar, þ.e. lífs- eða líkamstjón verður rakið til slyss, ber því útgerðarmaður ábyrgð samkvæmt 172. gr. siglingalaga, jafnvel þótt tjónið falli utan slysahugtaksins eins og það er skilgreint í slysatryggingu sjómanna.

En hvernig ber þá að túlka slysahugtak 172. gr. siglingalaga? Með hverjum hætti er það frábrugðið hugtakinu í slysatryggingu sjómanna? Hæstiréttur staðfestir í dómi sínum frá 8. júní 2000 í máli nr. 21/2000 að þó svo að hið hefðbundna slysahugtak vátryggingaréttar sé til þess fallið að leiðbeina við túlkun slysahugtaksins í 172. gr. eigi engu að síður að skýra það hugtak sjálfstætt og því verði það endanlega undir mati komið hvort viðkomandi atburður teljist slys í skilningi 172. gr.³⁶ Þá telur rétturinn einnig að skilyrði þess að um slys sé að ræða í skilningi 172. gr. sé að tjónið verði rakið til utanaðkomandi ákomu eða áhrifa eins og dómurinn orðar það.

³² Sjá Alpt., A-deild 1972, bls. 746.

³³ Þó svo að ætlunin hafi verið sú að tryggingin samkvæmt siglingalögum ætti að koma í staðinn fyrir sarnningsbundnar slysatryggingar sjómanna samkvæmt kjarasamningum er ekki þar með sagt að ætlunin hafi verið að breyta slysahugtakini til samræmis við hugtak vátryggingaréttarins. Þótt útgerðarmenn hafi fyrir lagasetninguna 1972 keypt slysatryggingar fyrir sjómenn hjá vátryggingafélögum, til að fullnægja skyldum samkvæmt kjarasamningi, en sú trygging skilgreindi slysahugtakíð í samræmi við vátryggingaréttinum, breytir það varla slysahugtaki siglingalaga.

³⁴ Sjá Alpt., A-deild 1976-77, bls. 1767-1769.

³⁵ Sjá Alpt. 1984, A-deild, bls. 1047-1049.

³⁶ Í sambandi við túlkun slysahugtaks 172. gr. siglingalaga er rétt að hafa í huga að í a-lið 2. tl. 2. mgr. greinarinnar er m.a. vísað til þess að slysadagpenningar skuli greiðast eftir sömu reglum og slysadagpenningar samkvæmt 33. gr. almannatryggingalaga. Reyndar er hér um að ræða tilvísun í almannatryggingalög nr. 67/1971. Prátt fyrir að gildandi lög um almannatryggingar séu nr. 117/1993, og þar sé að finna ákvæði um dagpenningareiðslu í 28. gr., hefur 172. gr. siglingalaga frá 1985 ekki verið breytt til samræmis við þetta. Engu að síður er nú stuðst við 28. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 við greiðslu dagpenninga úr slysatryggingu sjómanna. Það breytir því þó ekki að breyta þarf 172. gr. siglingalaga til samræmis við breytt almannatryggingalög. Þótt hugtakið slys væri til skamms líma ekki skilgreint í almannatryggingalögum var í framkvæmd stuðst við hið hefðbundna slysahugtak vátryggingaréttarins. Sjá Arnljótur Björnsson (1988), bls. 118-119. Með 9. gr. laga nr. 74/2002 var skilgreining á slysahugtakini lögfest í almannatryggingalögum sem 2. ml. 1. mgr. 22. gr. í greinargerð með þessari breytingu segir: “Tryggingastofnun ríkisins hefur um áratugskeið stuðst við þá skilgreiningu sem hért er lagt til að verði sett í lögini. Er hún í samræmi við þá skilgreiningu sem notuð er í vátryggingarétti og í dönskum lögum um slysatryggingar.” Sjá 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 510-359. Þó að hugtakið slys sé skilgreint með sama hætti og í almennum slysatryggingum segir í 4. mgr. 22. gr. almannatryggingalaga að til slysa teljist einnig sjúkdómar er stafa af skaðalegum áhrifum efna, geisaorku eða óóru hliðstæðu sem ríkisjandi er í hæsta lagi í fæline daga og rekja verður til vinnunnar.

Eins og Hæstiréttur sagði í umræddum dómi er í raun ekki hægt að setja fram almenna skilgreiningu á slysaugtaki 172. gr. heldur verður að meta hvort tilvik fyrir sig. Ekki er ólíklegt að við það mat muni Hæstiréttur nota mælikvarða atvinnuáhættu meira en gert er við tulkun hins hefðbundna slysaugtaks í vátryggingarátti, en eins og fram kemur hér á eftir eru nokkur tjónstilvik þar sem tengsl við atvinnuáhættu sjómennsku eru greinileg en engu að síður óvissa tengd því hvort þau falla innan gildissviðs slysaugtaks vátryggingaráttarins.³⁷

En er þá óhapp það sem Hæstiréttur fjallar um í máli nr. 21/2000 ekki slys í skilningi hins hefðbundna slysaugtaks? Er e-ð í atvikum málsins sem gæti valdið vafa?

Í dómi Hæstaréttar segir eftirfarandi um slysið:

"Atvikum að meiðslum áfryjanda í petta sinn má lýsa svo að hann hafi orðið fyrir líkamsráð frá öðrum skípverja, sem sprottið hafi af illindum er spunnust þeirra í milli við vinnu á þilfari fiskibátsins. Við það ber að miða að áfryjandi hafi stofnað til pessara illinda, svo sem gert er í fyrrnefndum dómi réttarins 12. febrúar 1998, en ekki einn átt að því alla sök hvernig fór. Sú atburðarás, sem úrslitum réð, gerðist af skyndingu³⁸ og má ætla eftir gögnum málsins að átökin hafi gengið lengra og orðið afdrifaríkari en áfryjandi gat séð fyrir. Að þessu athugðu verður að hafna því sjónarmiði stefnda að meiðsl áfryjanda

verði ekki talin stafa af slysi í skilningi 1. mgr. 172. gr. siglingalaga."

Af þessari röksemdafærslu Hæstaréttar verður ekki betur séð en að rétturinn sé fyrst og fremst að ákveða hvort tilvikið uppfylli skilyrði þess að teljast slys í skilningi hinnar hefðbundnu slysatryggingar. Þannig kemst Hæstiréttur að þeiri niðurstöðu að um skyndilegan³⁹ utanaðkomandi ⁴⁰atburð hafi verið að raða því sú atburðarás sem úrslitum réð hafi gerst skyndilega, þ.e. tjónvaldur stókk upp á aðgerðaborðið, sem þeir stóðu við, og síðan ofan af því og að tjónþola. Þá telur rétturinn að skilyrðinu um að atburðurinn gerist án vilja tjónþola sé einnig fullnægt þar sem átökin hafi gengið lengra og orðið afdrifaríkari en áfryjandi gat séð fyrir.⁴¹

Að þessu sögðu virðist Hæstiréttur, þrátt fyrir orðalag sem gæti gefið annað til kynna, vera í þessu tilviki að túlka slysaugtakið í 172. gr. siglingalaga með sama hætti og hið almenna slysaugtak vátryggingaráttarins, þ.e. að rétturinn telji að umrætt atvik hafi verið slys í skilningi þess hugtaks. Hvort orðalag Hæstaréttar þess efnis að slysaugtakið í 172. gr. verði að túlka sjálfstætt geti gefið til kynna að einhver þau tilvik sem ekki teljast slys í skilningi hins almenna slysaugtaks teldust slys í skilningi siglingalagaákvæðisins er erfitt að fullyrða um.⁴² Þá verður heldur ekki með neinni vissu dregin sú ályktun að það orðalag Hæstaréttar að með slysi í skilningi 172. gr. siglingalaga sé átt við að skipverji verði fyrir líkamstjóni vegna ákomu

³⁷ Hér má sem dæmi nefna álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2516/1998. Málavextir voru með þeim hætti að A kvartaði yfir úrskurðum tryggingarás sem hafnaði beiðni hennar um slysabætur vegna bakmeiðsla sem hún hlaut við að lyfta byrði við vinnu sína. Taldi tryggingaráð að með orðini slys í merkingi laga um almannatryggingu vært fyrst og fremst átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem ylli meiðslum á líkama. Þar sem A hefði hvorki runnið né hrasað né nokkuð óvant gerst teljist orsök meiðsla hennar ekki slys. Á líttinu segir m.a.: "Það er skoðun mín að sú staðreynð að hugtakið slys hefui ekki verið skilgreint í lögum um almannatryggingar, sbr. nú 22. gr. laga 117/1993 um það efni, leitið til þess samkvæmt lögskrýringarreglu að hugtakið sé eyðuvákvaði, þ.e. að skilgreining þess ráðist af skilgreiningu á hugtakinu í lögum og réttarframkvæmd á hvernig tíma. Þer til því að líta verði til réttarprórunar í íslenskum og norrænum rétti við mat að því hvernig skilgreina eigi hugtakið, en ekki verði þó hvíkáð frá því skilyrði sem fram kemur í tilvitnuðu lagaákvæði að um orsakasamband sé að raða milli framkvæmdar á starfi tjónþolans og slyssins. Æg tel að ekki sé unnt með hliðsþjónum að hinu félagslega eðli almannatrygginga að leggja fyrivaralaust til grundvallar hvernig hugtakið slys er á hvernig tíma skilgreint á svíði vátryggingaráttar... Með hliðsþjónum að hinu félagslega eðli slysatrygginga almannatrygginga tel ég almennt ekki efni til að bæta þróngri lögskrýringu á ákvæði laga nr. 117/1993 um rétt til bota. Eg minni jafnframt að að forsögu nígildandi ákvæða um slysatryggingu almannatryggingu verður ráðið að með henni hafi verið ætlunin að tryggja starfsemi beinlínis vegna skaða sem leiddi að eiginleika þess starfs sem þeir hefðu með höndum. Að teknu tililti til þessa, og þess sem að framan er rakio um norræna þróun að þessu réttarsviði, tel ég að i sumum úrskurðum tryggingarás hafi verið lögð til grundvallar of pröng skilgreining á hugtakinu slys." Mál það sem álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2516/1998 varðaði kom til umfjöllunar í úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum, máli nr. 193/2003. Álit úrskurðarnefndar var eftirfarandi: "Í skýrslu M kemur fram að við það átkar að lyfta braðgrind upp fyrir hötuð sér hafi hún skyndileg fengi snöggan verk í vinstrum hönd, þar sem hún hafi fundið að eittváð hafi gefið sig. Samkvæmt þessari lýsingu er ekki um það að tefla að M hafi orðið fyrir meiðslum í hendifni að voldum utanaðkomandi atburðar eins og áskilði er samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar. Ekki er á það fallist, eins og slysaugtakið er skilgreint í þeim skilmálum sem hér eru til skoðunar, að sá þungi sem lagðist á hendir M, er hún lyfti braðgrindlinni upp, sé utanaðkomandi atburður. Þá verður ekki talið að álit umboðsmanns Alþingis á slysaugtakinu í lögum um almannatryggingar... geti haft þýðingu í máli þessu..."

³⁸ Sjá nánar atviklysingu í fótnotu nr. 25.

³⁹ Sú nágun Hæstaréttar að segja að lokahluti ákvæðinnar atburðarás, þ.e. tjónvaldur að lokum stekkur að tjónþola með þeim afleiðingum að átök verða og tjón hlyst af, fel í sér skyndilegan atburð, er í fullu samræmi við almenna túlku á slysaugtakí vátryggingaráttarins. Engu máli skiptir hér þótt átök tjónvalds og tjónþola hafi í raun átt sér lengri aðdraganda. Eins og sjálfst tjónsatviköldi á sér stað koma því fyrri delir tjónvalds og tjónþola ekki í veg fyrir að tjónið verði rakið til skyndileg atburðar. Sjá t.d. Sørensen (2002), bls. 414-415, og Jóna Björk Helgadóttir (1995), bls. 27.

⁴⁰ Sjá t.d. Sørensen (2002), bls. 417-421, og Jóna Björk Helgadóttir (1995), bls. 37-40.

⁴¹ Þessi niðurstaða er í samræmi við fræðileg skrif og réttarframkvæmd um hið hefðbundna slysaugtak. Sjá nánar Jónsson og Kjærsgaard (2003), bls. 887-890, Sørensen (2002), bls. 397-398, og Jóna Björk Helgadóttir (1995), bls. 46-49. Sem dæmi má nefna að almennt hefur það verið talið slys þótt knattspurnumáður meiðist er hann fer í tæklingu. Þótt hann vitli að nokkur áhættu getur verið samfara síku skortir á að vilji sé til að verða fyrir tjóni. Í sílu tilvik fengi því tjónþoli bætur úr slysatryggingu nema athófin hans teldist fela í sér stórkostlegt gáleysi samkvæmt 18. og 20. gr. vátryggingasamningalaga nr. 20/1954.

⁴² Sjá þó umfjöllun í kafla kafla 4.2.1.5.3-B um andlega áfall.

eða áhrifa utan að feli í sér frávik frá slysahugtaki slysatrygginga. Það eina sem virðist nokkuð ljóst er að Hæstiréttur segir að það tilvik sem var til lykta leitt í framangreindum dómi var slys í skilningi hins hefðbundna slysahugtaks.

4.2.1.5.2 Hvernig ber að túlka slysahugtakið í úrskurði gerðardóms?

Í úrskurði gerðardóms samkvæmt 2. gr. laga nr. 34/2001 um kjaramál fiskimanna og fleira segir undir liðnum slysatrygging að útgerð skuli tryggja skipverja sem slasast í samræmi við 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Sú trygging skuli tryggja sjómönnum greiðslu bóta vegna slysa sem þeir verða fyrir á meðan þeir eru ráðnir í skipsrúm og ef slysið er um bord í skipinu eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips. Þá segir í gerðardómi að um vátrygginguna skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatryggingu sjómanna.

Eins og áður hefur komið fram hefur hugtakið slys lengi verið skilgreint með sama hætti í skilmálum fyrir slysatryggingu sjómanna. Með vísan sinni til almennra skilmála fyrir slysatryggingu sjómanna virðist ljóst að gerðardómur gerir þar ekki breytingu á. Hver svo sem niðurstaðan varðandi slysahugtak 172. gr. siglingalaga kann að vera virðist því ljóst að tjónþoli á ekki rétt á bótum samkvæmt úrskurði gerðardóms nema um sé að ræða slys í hinni hefðbundnu merkingu þess orðs eins og það hefur verið skilgreint í slysatryggingum. Sömu sögu er að segja um bætur sem byggjast á kjarasamningum þeim sem gerðir voru við sjómenn á kaupskípum o.fl. á árunum 2000 og 2001.⁴³

Ef þannig fær að tjónstilvik teldist slys í skilningi 172. gr. siglingalaga en ekki í skilningi hins hefðbundna slysahugtaks ætti bótaþegi aðeins rétt á bótum úr hinni nýju slysatryggingu sjómanna samkvæmt ákvæði siglingalaga en ekki samkvæmt reglum skaðabótalaga. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að úrskurður

gerðardóms kveður á um innihald kjarasamnings og í þeim mæli sem um bótarétt umfram ákvæði 172. gr. siglingalaga er að ræða er gerðardómur ekki bundinn að slysahugtaki 172. gr.⁴⁴ Sjómenn eiga þó alltaf kröfу á útgerðarmann samkvæmt 172. gr. siglingalaga.

4.2.1.5.3 Hvaða tjónstilvik á sjó kunna að falla utan slysahugtaksins?

Eins og áður hefur komið fram er hugmyndin með hinni nýju slysatryggingu að sjómaður sem slasast eigi að fá tjón sitt að fullu bætt. Meginreglan er því sú að verið er að tryggja sjómönnum fullar bætur vegna slysa sem rakin verða til þeirrar áhættu sem sjómannsstarfinu er samfara. Ef tryggingin byggðist á reglum skaðabótaréttar og ábyrgð á hlutlægum grunni eins og var í lögum nr. 58/1972 eru líkur á að petta markmið næðist. Þar sem tryggingin er slysatrygging er ekki jafnljóst að hún taki til allrar atvinnuáhættu sjómanna. Þessu veldur að ákveðnir tjónsatburðir kunna að falla utan gildissviðs slysahugtaksins, eins og það er skilgreint í kjarasamningi og slysatrygging askilmálum.⁴⁵

Rétt er þó að hafa í huga að þó svo að tilvikin falli utan slysahugtaks slysatryggingar kann tjónþoli engu að síður að eiga rétt á að fá tjón sitt bætt, þ.e. ef útgerðarmaður ber skaðabótaábyrgð á grundvelli gáleysis einhverra þeirra sem hann ber ábyrgð á skv. 171. gr. siglingalaga eða á grundvelli almennra skaðabótareglна. Þá hefur komið fram að líklega er slysahugtak 172. gr. siglingalaga viðtökara en slysahugtak gömlu og nýju slysatrygginga sjómanna.

Hér á eftir verður stuttlega fjallað um einstök tjónstilvik sem geta tengst sjómennsku en kunna þó að falla utan gildissviðs slysahugtaks slysatrygginga sjómanna.

⁴³ Í kjarasamningi þeim sem gildir fyrir sjómenn á kaupskípum er beinínis vísað til þess að um trygginguna skuli m.a. gilda skilmálar fyrir slysatryggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingafélaga. Það ætti vart að vera vafi að því hvaða slysahugtak þar er á ferðinni.

⁴⁴ Sjá dóm Hæstaréttar frá 15. nóvember 2001 í mál nr. 215/2001. Málavextir voru þeir að J. starfsmáður Á hf., varð fyrir slysi á vinnusvæði félagsins. Af þessu tilefni leitaði J til örorkunefndar sem taldi varanlegan miska hans samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga 50% en varanlega örorku samkvæmt 5. gr. sömu laga 100%. Í kjarasamningi frá árinu 1997, sem gildi um kjör J, var framlengdur gildistími ákvæðis kjarasamnings frá árinu 1990 þar sem kveðið var að um skyldu Á hf. til að slysatrygga starfsmenn sínar með nánar tilgreindum hætti, meðal annars fyrir varanlegri örorku. Skyldu bæturnar greiddar samkvæmt metinni varanlegri örorku. J krafðist greiðslu bóta úr framangreindri slysatryggingu miðað við niðurstöðu örorkunefndar um varanlega örorku hans. Í málinu delduðu aðilar um hvort bæturnar skyldu miðaðar við fíjhagslega eða læknisfræðilega örorku. Í dómí Hæstaréttar segir m.a. um ágreiningsefn: "Hugtakið varanleg örorka hefur nú fengið lögákvæða merkingu, sem er fíjhagsleg örorka. Því mati er ekki einungis belti við uppgjör skaðabótakrafna, heldur einnig margs kyns krafna um vætratryggingabætur. Ekki er vísad til ákvæðinna vætratryggingarskilmaða í áðurnefndum kjarasamningi. Hefur áfrýjandi ekki skotíð stóðum undir að þátt fyrir breytt lagauhverfi eigi áfram að miða uppgjör slysatryggingabóta við læknisfræðilega örorku, eins og gert var fyrir 1993, auk þess sem vætratryggingafélag hans hefur sjálf lagt það að í skilmálum sínum og tekioð upp í staðini aðra viðmiðun. Þegar alls þessar er gætt verður ekki fallist að með áfrýjanda að efti sér til þess að stóðjast við læknisfræðilega örorku við uppgjör bóta til stefnida." Af þessum dómí má sjá að tilvisun gerðardóms í skilmála fyrir slysatryggingu sjómanna felur í sér að leggja ber slysahugtak vætratryggingarrettarins til grundvallar.

⁴⁵ Hvort þau falla utan slysahugtaks 172. gr. siglingalaga, eins og Hæstiréttur kann að skilgreina það, verður að mestu að láta Hæstarétt eftir að svara. Umfjöllun míin tekur fyrst og fremst mið að hinu hefðbundna slysahugtaki.

Tjón vegna þess að verið er að lyfta þungum hlutum, vegna ofáreynslu, svimakasts, eða rangs álags á t.d. liðamót, vegna hreyfinga tjónþola, o.s.frv.

Sjómaður verður fyrir bakmeiðslum við það að henda grjóti í sjóinn. Ánnar tognar illa á vöðva vegna ofáreynslu við vinnu sína um borð. Sá þriðji fær svimakast og fellur á dekkid og verður fyrir meiðslum. Sá fjórði verður fyrir því að slíta hásin við vinnu sína. Sá fimmsti misstígur sig illa eða fær hnykk á hnē og slítur liðbönd í ökkla eða krossbönd í hnē. Sá sjötti rennur á hálu dekkinu, dettur og handleggsbrotnar.⁴⁶ Verða meiðsli pessara sjómanna rakin til slyss í skilningi nýju slysatryggingsar sjómanna?

Tilvikin sem hér voru nefnd tengjast því skilyrði slysahugtaksins að slysið sé rakið til utanaðkomandi atburðar.⁴⁷ Þannig hefur t.d. verið talið að bakmeiðsli eða önnur meiðsli sem einungis eru rakin til þess að þungum hlut er lyft eða ýtt, verði ekki rakin til slyss í skilningi slysatryggingsarinnar.⁴⁸ Ekki þarf瑟fræðing til að sjá að slík meiðslahætta er mikil á sjó. Ef hins vegar eitthvað það gerist sem felur í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli mátti reikna með er líklegt að um slys í skilningi slysatryggingsar sé að ræða. Þetta gæti t.d. átt við um þær aðstæður að tjónþoli rekur sig í með hlutinn í fanganu, rennur til eða tveir lyfta hlutnum upp en annar sleppir svo takinu með þeim afleiðingum að hinn slasast. Þá má hér einnig hugsa sér það tilvik að tjónþoli er í þeirri stöðu að hann verður að lyfta hlut án þess að hafa tíma til að meta hversu þungur hluturinn er eða til að beita haganlegum aðferðum við lyftuna.⁴⁹

⁴⁶ Almennt hefur verið talið að sá sem rennur í hálu og fellur hafi orðið fyrir slysi í skilningi slysatryggings. Segja má að sú staðreynd að hann rennur fel i sér frávik frá því sem hann mátti reikna með. Ef það eru rókin fyrir því að um slys sé að ræða, má þá álykta á þá leið að ef tjónþoli, sem veit að þifrar skips er blautt og flughált, rennur og fellur hafi hann ekki orðið fyrir slysi þar sem hann mátti alveg eins reikna með því að renna og detta? Ef slysahugtak slysatryggingsar sjómanna væri túlkad með þeim hætti væri verulegt skarð höggvið í réttaröröggi sjómanna. Ólíklegt er að tryggingafelög muni bera það fyrir sig að hálkuslys sé ekki slys í skilningi tryggingsarinnar. Sjá þó í sambandi við hálkuslys H 1997:2414 þar sem málatsvirk voru þau að tjónþoli sleit báðar hásinarnar er honum skrikaði fótur í hálu er hann stökk af sundlaugarbakk. Í dómi Hæstaréttar segir eftirfarandi um slysið: "Svo sem fyr segir greindi steinfdi í fyrstu skýrslu sinni svo frá að hann hefði runnið til á sundlaugarbarmi. Telur hann slysið verða rakið til þess og því sé um að ræða það skýrli greiðsluskyldu samkvæmt vártryggingaskilmánum að meiðsli slysatryggðs manns séu afleiðing skynndilegs og utanaðkomandi atburðar. Fyrir dómi lysti steinfdi óhappinu svo að hann hefði hlaupið til á laugarbakkanum, stökkið og runnið til. Við það hefði slysið orðið. Nánar spurður um atvirk sagðist steinfdi ekki hafa gengið úr skugga um hvort bleyta var á balkanum eða ising, en það hafi örugglega eitt hváð verið á balkanum sem olli því að hann hafi ekki náð þeiri festu sem hann hafi verið vanur að ná. Frásögn þessi er ekki vefengd og verður hún lögð til grundvallar. Eins og fyr segir telur Brynjólfur Jónsson læknir að hásinar steftenda hafi slitnað vegna óheppilegrar álagssdreifingar „við hilðarferlsu og snögga mótslöðu“. Með visan til þess verður að telja nægilega sannað að orsök meiðslanna hafi verið sú að steinfdi skrikaði fótur í hálu er hann stökk af sundlaugarbakknum umrætt sin. Þell óhappið því vera slys í merkingu slysatryggingskilmála áfrýanda. Verður niðurstaða hins áfrýða dóms því staðfest." Þótt ekki sé hægt að segja til um það með fullri vissu virðist þó eins og Hæstaréttur byggi hér á því að um slys hafi verið að ræða þar sem aðstæður á sundlaugarbakknum hafi ekki verið með þeim hætti sem tjónþoli mátti reikna með og því hafi hann runnið til. Sé þetta rétt, e.g. að Hæstaréttur telji að leida þurfi í ljós slikt frávik frá því sem tjónþoli mátti reikna með, ætti niðurstaðan að vera sú að ef tjónþola hefði mátt vera það ljóst að sundlaugarbakkinn væri háli og hattsemi hann gæti leitt til þess að honum skrikaði fótur, þá teldist slikt óhapp en ekki slys í skilningi slysatryggingsarinnar.

⁴⁷ Sjá Sørensen (2002), bls. 418.

⁴⁸ Sjá fótntu nr. 37 þar sem gerð er grein fyrir álití úrskurðarnefndar í vártryggingamálum í máli nr. 193/2003.

⁴⁹ Sjá Jónsson og Kjærgaard (2003), bls. 899-900, Sørensen (2002), bls. 397-398, og Jóna Björk Helgadóttir (1995), bls. 43-46.

⁵⁰ Sjá Jónsson og Kjærgaard (2003), bls. 898 og 900, Sørensen (2002), bls. 418 og 420, Betænkning nr. 1423/2002, bls. 309, og Jóna Björk Helgadóttir (1995), bls. 38-40 og 42.

⁵¹ Ef meiðslin verða rakin til t.d. svimakasts, flogaveikikasts eða hjartaáfalls er það sjúkdómur sem er orsök þess að tjón verður. Sjá Sørensen (2002), bls. 428.

⁵² Sjá Jónsson og Kjærgaard (2003), bls. 898, og Sørensen (2002), bls. 429.

Niðurstaðan getur orðið sú sama þegar meiðsli verða t.d. rakin til ofáreynslu, svimakasts, flogaveikikasts, hjartaáfalls eða rangs álags á t.d. liðamót vegna hreyfinga tjónþola.⁵⁰ Þannig hefur almennt verið talið að falli maður og slasi sig vegna svimakasts verði tjónið ekki rakið til slyss í skilningi slysatryggings.⁵¹ Ef hins vegar svimakast verður rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, t.d. höggs, ættu meiðslin vegna fallsins að teljast afleiðing slyss.⁵² Eftirfarandi dæmi er af þessum meiði. Sjómaður klemmir sig. Við það merst hann illa á fæti en virðist þó hafa sloppið með skrekkinn. Skömmu seinna missir hann skyndilega meðvitund. Orsókin reynist vera heilablæðing. Verður heilablæðingin og afleiðingar hennar rakin til slyss í skilningi slysatryggingsar sjómanna? Ef talið er sannað að fótameiðslin séu orsök heilablæðingarinnar verður að telja að um slys sé að ræða. Þetta myndi ráðast af læknisfræðilegum upplýsingum og mati.

Sá sem verður fyrir meiðslum vegna ofáreynslu við vinnu sína telst almennt ekki hafa orðið fyrir slysi. Eftirfarandi dómur Hæstaréttar er dæmi um slíkt tilvik:

H 1988:1401. Málavextir voru þeir að tjónþoli sem var við líkamsæfingar í rímlum kvaðst hafa hangið á höndum í efsta rimli og látið líkama sinn falla niður. Við það hafi hann fengið sáran verk í vinstri öxl og bolbönd. Í dómi Hæstaréttar segir að jafnvél þótt frásögn tjónþola væri lögð til grundvallar um það, að hvern hatt hann meiddist, sé ekki unnt að fallast að það að hér hafi verið um slys að ræða í skilningi slysatryggings.

Eftirfarandi dómur Eystri-Landsréttar í Danmörku er annað dæmi þar sem tjón vegna m.a. ofáreynslu fél um slysaugtaksins.

U 1963:701 Ø. Atvik voru með þeim hætti að leki kom að skipi. Tveir voru í áhöfn. Skipstjórinn hófst þegar bandá við að reyna að lensa skipið með handvirkri dælu. Var það líkamlega erfitt verk, enda hafðist ekki undan lekanum og gaf skipstjórinn því fljólega skipun um að gera björgunarbátinn kláran. Áður en til þess kom að þeir færði í bátinn hneig skipstjórinn niður og lést. Dánarorsök var hjartaáfall. Krafist var bóta úr slysatryggingu. Vátryggingafélagið, sem hafnaði kröfunni, taldi dauða skipstjórans ekki verða rakin til skýndilegs utanaðkomandi atburðar heldur hafi það verið hans eigin athafnir, ofáreynsla við að reyna að bjarga skipinu, sem hafi valdið hjartaáfallinu. Í dómnum, sem hafnaði kröfu um greiðslu úr slysatryggingu, kemur m.a. fram í niðurstöðu að hið líkamlega og andlega álag, sem á skipstjóraranum hvíldi vegna lekavandamálsins, hafi valdið hjartaáfallinu. Dómstóllinn taldi að sí um atburðarás sem ölli dauða skipstjórans teldist ekki vera utanaðkomandi atburður sem hefði valdið meiðslum á líkama.

Meiðsli verða oft rakin til þess að tjónþoli beitir líkama sínum ranglega við vinnu eða eitthvað einfaldlega gefur sig í líkamanum, t.d. hásin.⁵³ Í þeim tilvikum skortir oft á að meiðslin verði rakin til utanaðkomandi atburðar og tjónþoli telst því ekki hafa orðið fyrir slysí sem gefur rétt til bótagreiðslna úr slysatryggingu sjómanna. Eftirfarandi dómur er gott dæmi um þetta:

H 1996:4161. Málsatvik voru með þeim hætti að tjónþoli var að leika tennis á malbikuðum tennisvelli og fíkk við það snúningsáverka á vinstra hnæ. Í héraðsdómi segir eftirfarandi um tjónið: "Samkvæmt skýrslum stefnanda og sonar hans, E, hér fyrir dómi varð stefnandi fyrir hnemeiðslum þeim, sem að framan er lýst, er hann hugbúist verjast tennisbolta sem E hafði sent yfir á vallarhelming stefnanda. Eins og hér að framan er rakið hafði stefnandi áður gefið skýrslu um atvikið hjá stefnda þar sem fram kemur að

hann hafi verið að teygja sig eftir boltanum er hann varð fyrir meiðslunum. Miðað við þessar skýrslur, sem að mati dómsins eru eigi ótrúverðugar, verður eigi talið að um skýndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða í greint sinn heldur verði orsök slyssins einungis rakin til breyfingar stefnanda sjálfsh á tennisvellinum. Er það því niðurstöða dómsins að eigi hafi verið um slys að ræða í skilningi nefndra tryggingaskilmala." Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm með vísan til forsendna hans.

B. Áfallastreituröskun og annað andlegt áfall

Eitt af skilyrðum slysaugtaksins í slysatryggingu sjómanna er að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum á líkama hins vátryggða. Meginreglan er sú að aðeins beinn líkamlegur áverki telst uppfylla skilyrðið um meiðsl á líkama. Þetta leiðir aftur til þess að sá sem verður fyrir andlegu áfalli án þess að verða jafnframt fyrir beinum líkamlegum áverka, t.d. höggi, telst ekki hafa orðið fyrir slysi í skilningi tryggingarinnar.

Líkur eru á því að frá þessari meginreglu séu undantekningar. Pannig hefur því verið haldið fram í fræðilegum skrifum og jafnvel í dómum að andlegt áfall geti eftir atvikum talist meiðsl á líkama í skilningi slysaugtaksins.

Andlegt áfall sem rekja má beint til slyss, t.d. sjómaður sem slasast mjög alvarlega verður í kjölfarið fyrir andlegu áfalli, fellur líklega innan gildissviðs slysaugtaksins.⁵⁴ Hér má sem dæmi nefna eftirfarandi danskan Hæstaréttardóum:

U 1982:585 H. Málavextir voru þeir að vátryggður lenti í alvarlegu umferðaróhappi. Þótt ekki væri hægt að greina það að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni lést hann nokkrum klst. síðar úr hjartaáfalli. Í niðurstöðu Hæstaréttar, sem taldi að um banaslys í skilningi slysatryggingarinnar væri að ræða, segir að tjónið verði annaðhvort rakið til þess áfalls sem hinn látni varð fyrir við óhappið eda til beins líkamslegs áverka

⁵³ Sem dæmi má nefna úrskurð Úrskurðarnefndar almannatryggingalaga í máli nr. 193/2003. Málavextir voru þeir að kærandi sem er íþróttakennari slasaðist við vinnu sína þann 14. maí 2003. Í tilkynningu um slys til Tryggingastofnunar dags. 27. maí 2003 segir:

„Slysíð átti sér stað í íþróttahúsi B-skóla með drengjum í 9 bekk. Undirritaður var að sýna stökkskot jafnfrætis í körfubolta í kennslu skólans í íþróttahúsini með fyrgreindum afleiðingum. (Hásin fór í sundur á vinstra fæti).“ Í niðurstöðu úrskurðarnefndar sem taldi kæranda ekki hafa orðið fyrir slysí í skilningi 2. málstíls 1. mgr. 22. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 segir m.a. eftirfarandi: „Í máli þessu liggur ekkert fyrir um að frávik hafi orðið frá þeiri atburðarás sem búast mátt við eða að óvæntar aðstaður hafi komið upp. Úrskurðarnefndin fellst ekki að stökkii sem slikt sé hið utanaðkomandi atvik þar sem það var framkvæmt með vilja og ætlun viðkomandi án þess að það sem slikt hafi sjáanlega farið úrskeiðis.“ Það að hásin fer í sundur verður því að teljast innri atburður en ekki utanaðkomandi.“

⁵⁴ Sjá hér einnig umfjöllun í kafla 4.2.1.5.3-A hér að framan.

EKKI eru allir á einu máli um hvernig túlka á þennan dóð. Sumir telja hann staðfesta að sá sem verður fyrir andlegu áfalli, þótt hann verði ekki fyrir beinum líkamlegum áverka, teljist hafi orðið fyrir slysi í skilningi slysatrygginga.⁵⁶ Aðrir halda því fram að Hæstiréttur láti hér aðeins þá sem hugsanlegan bótarétt eiga njóta vafa um hvort orsök tjónsins var andlegt áfall eða beinn líkamlegur áverki.⁵⁷

Hvernig ber þá að túlka orðalagið meiðsli á líkama? Er gerð krafa um beinan líkamlegan áverka, t.d. högg? Þarf áverkinn jafnvel að vera sýnilegur? Ef miðað er við það sem danskir fræðimenn hafa skrifnað um slysahugtakið hin seinni ár verður að telja líklegt að svarið sé nei. Þó er rétt að hafa það í huga að dómur sá frá Eystri-Landsrétti sem reifaður verður hér á eftir virðist ganga þvert á þær skoðanir.

Í Danmörku hefur því verið haldið fram að andlegar afleiðingar atburðar geti fallið innan gildissviðs slysahugtaks almennra slysatrygginga þegar áfallið verður beinlín rakið til þess að tjónpolinn lendir í aðstæðum þar sem líf hans er í yfirvofandi hættu. Sé svo teljist hinum andlegu afleiðingar vera meiðsli á líkama. Að sjálfsögðu verða önnur skilyrði slysahugtaksins að vera uppfyllt. Ef aðstæður eru þær að líf tjónpola er ekki í yfirvofandi hættu en hann verður engu að síður fyrir andlegu áfalli er ósennilegt að tilvikið flokkist sem slys í skilningi hinnar nýju slysatryggingar sjómannna.⁵⁸ Þannig teldist andlegt áfall sjómanns, sem verður áhorfandi að alvarlegu slysi eða vegna þess að skip hans ferst án þess að hann lendi sjálfur í yfirvofandi lífshættu, ekki slys. Hér myndi væntanlega ekki skipta máli þótt aðrir skipverjar en hann lenti í yfirvofandi lífshættu eða léту.

ØLD af 10. maí 2000. Sak 17. afd., nr. B-3204-99, FED 2000:823. Málavextir voru þeir að tjónpoli var staddur í flugstöðinni í Düsseldorf í Þýskalandi þegar þar kom upp eldur. Vegna þessa var tjónpoli í yfirvofandi lífshættu. Nokkrir léту af völdum brunans. Í kjölfar atburðarins hlaut tjónpoli svokallaða áfallastreituroskun ("post-traumatic stress

disorder") og þurfti bæði áfallahjálp og langvarandi meðferð hjá sálfræðingi. Þá varð tjónpoli að hætta í vinnu og var metinn til 15% miska og 50% varanlegrar fjárhagslegrar örorku. Tjónpoli krafðist bóta úr slysatryggingu. Vátryggingafelagið hafnaði bótakrúfunni með þeim rökum að tjónpoli hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarinnar þar sem ekki væri um að ræða meiðsli á líkama. Taldi félagið bið andlega áfall ekki uppfylla það skilyrði tryggingarinnar. Tjónpolinn færði hins vegar fyrir því rök að skilyrðið um meiðsli á líkama væri uppfyllt, enda ætti ekki að túlka slysahugtakið með þeim hætti að gerð væri krafa um beinan líkamlegan áverka, og jafnvel þó svo væri teldist áfallastreituroskun vera líffræðileg viðbrögð vegna atburðarins í flugstöðinni og því meiðsli á líkama í skilningi tryggingarinnar.⁵⁹ Vísadi tjónpoli jafnframt til dóms Hæstaréttar í U 1982:585 sem rök fyrir því að andlegar afleiðingar gætu fallið undir slysahugtakið. Vátryggingafelagið taldi hins vegar þann dóm varða mjög sérstætt tilvik þar sem orsök tjónsins var annaðhvort líkamlegs eða andlegs eðlis. Landsrétturinn lagði til grundvallar að tjónpoli hafi orðið fyrir áfallastreituroskun. Hins vegar benti dómurinn í niðurstöðu sinni á að ekki lægi fyrir sönnun þess að tjónpoli hefði orðið fyrir beinum líkamlegum áverka heldur séu meiðsl hennar af andlegum toga. Dómurinn taldi því tjónpolu ekki hafa orðið fyrir meiðslum á líkama í skilningi slysatryggingarinnar.

Eins og fram kemur í kafla 4.2.1.5.1 hér að framan má ráða af siglingalögum og dómi Hæstaréttar frá 8. júní 2000 í máli nr. 21/2000 að slysahugtak 172. gr. siglingalaga beri eftir atvikum að túlka með öðrum hætti en slysahugtak nýju og gömlu slysatryggingarinnar.

Því er spurt: Telst andlegt áfall slys í skilningi 172. gr. siglingalaga?

Hugtakið slys í 172. gr. siglingalaga er að öllum líkindum hugtak skaðabótaréttarins, ekki vátryggingaréttarins. Hugtakið líkamstjón í skaðabótarétti tekur bæði til líkamlegra og andlegra áverka.⁶⁰ Þá er rétt að hafa í huga að tilgangurinn

55 Sjá einnig í þessu sambandi U 1963:701 Ø sem reifaður er í kafla 4.2.1.5.3-A.

56 Sjá Lyngsø (1994), bls. 806, og Sørensen (2002), bls. 421.

57 Þessi rök voru færð fram af hálfu vátryggingafélags í dómi ØLD af 10. maí 2000. Sak 17. afd., nr. B-3204-99, FED 2000:823.

58 Sjá Sørensen (2002), bls. 421-422.

59 Í þessu sambandi er rétt að benda á að menn hafa talið erfitt að greina algerlega milli líkamlegra og andlegra afleiðinga slysa. Þannig hafa rannsóknir sýnt að áfallastreituroskun ("post-traumatic stress disorder") getur valdið truflun á starfsemi heila og jafnvel vefrænni rýmun svæða sem tengjast stjórnun tilfinninga, athygli, einbeitingu og minnis. Sjá Conca A. (1993), De Cristofaro M.T. (1993), Benkelfat C. (1995), Bremner J.D. (2000), Bremner J.D. o.fl. (2000) og Berthier M.L. (2001).

með að lögusta reglur um ótakmarkaða og síðan takmarkaða hlutlæga skaðabótaábyrgð útgerðarmanns var að tryggja sjómenn gagnvart vinnutengdri áhættu. Þegar Hæstaréttur í dómi sínum frá 8. júní 2000 segir: "Orðið „slys“ í 172. gr. horfir til þess er skipverji verður fyrir líkamstjóni vegna ákomu eða áhrifa utan að..." er því ástæða að ætla að tjónþoli geti orðið fyrir slysi þótt hann hafi ekki orðið fyrir beinum líkamlegum áverka. Þetta orðalag Hæstaréttar verður varla skilið með öðrum hætti. Því ætti andlegt áfall sem verður beinlinis rakið til þess að tjónþoli lendir í aðstæðum við vinnu sína á sjó, þar sem líf hans er í yfirvofandi hættu, án tillits til þess hvort hann verður fyrir beinum líkamlegum áverka eða ekki en að öðrum skilyrðum slysaugtaksins uppfylltum, að geta fallið undir gildissvið slysaugtaks 172. gr. siglingalaga.

4.2.1.6 Breytingar sem gerðar hafa verið á slysaugtakinu í Danmörku. Er ástæða til að breyta hugtakinu í slysatryggingu sjómanna?

Með tilkomu hinnar nýju slysatryggingar sjómanna var að því stefnt að sjómaður sem slasast við vinnu sína um borð í skipi eða í beinum tengslum við rekstur skips fengi tjón sitt að fullu bætt án tillits til þess hvort útgerðarmaður beri skaðabótaábyrgð á tjóninu eða ekki. Sjómenn skyldu tryggðir gegn þeirri atvinnuáhættu sem fylgir sjómennsku. En er það svo? Það lætur nærrí að hægt sé að svara þessari spurningu játandi. Staða þeirra er gjörbreytt frá því sem áður var, bótarétturinn oftast óumdeildur og í raun snúast slysamál sjómanna fyrst og fremst um að staðreyna hvort hafi orðið fyrir tjóni og í framhaldi af því hvert umfang þess er.

Þrátt fyrir að hin nýja slysatrygging sjómanna hafi gjörbreytt stöðu þeirra bendir umfjöllunin hér að framan til þess að nokkur þau meiðslí sem algengt er að sjómenn verði fyrir geti fallið utan gildissviðs slysaugtaksins.

Því er spurt: Eru einhver efnisleg rök fyrir því að láta ákveðin tjónstilvik, sem þó verða rakin til þeirrar atvinnuáhættu sem sjómennsku fylgir, falla utan slysatryggingarinnar? Sem dæmi má nefna bakmeiðli

sem stafa af því að tjónþoli lyftir þungum hlut. Eru slík tilvik vátryggingahæf áhættu? Hefti það áhrif á iðgjöld ef slysatryggingahugtakið tæki á öllum þeim tilvikum sem nefnd eru í köflum 4.2.1.5 A og B hér að framan?

Áður en gerð verður tilraun til að svara þessum spurningum skal stuttlega farið í gegnum þær breytingar, tengdar slysaugtaki slysatrygginga, sem átt hafa sér stað í Danmörku á undanförnum árum.

Samtök vátryggingafélaga og lífeyrissjóða í Danmörku (Forsikring & Pension) settu á árinu 1999 fram tillögu um útvíkkun gildissviðs slysaugtaksins í almennum slysatryggingum. Ástæða þessa var m.a. að í mörgum tilvikum fór ekki saman almennur skilningur á orðinu slys og skilgreining þess í slysatryggingum. Því var lögð til viðbótarskilgreining sem hafði það að markmiði að tryggja meiðslí á hand- og fótleggjum án tillits til þess hvort meiðslin yrðu rakin til utanaðkomandi atburðar. Þessi viðbótarskilgreining átti þannig að tryggja að meiðslí, sem stöfuðu af röngu á lagi á t.d. liðamót vegna hreyfinga tjónþola, felli undir gildissvið slysatryggingarinnar. Pessari tillögu var nokkuð vel tekið af tryggingafélögum í Danmörku sem mörg hver breyttu skilmálum sínum með þessum eða svipuðum hætti.⁶¹

Það er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir því að í Danmörku eru í gildi lög um atvinnuslys, p.e. lög nr. 422/2003, þar sem tryggingaráttur nær lengra en sem nemur hinu hefðbundna slysaugtaki. Í seinni grein miini um slysatryggingar verður nokkuð fjallad um þá löggið og hvort hún gæti hugsanlega þjónað sem fyrirmynd slysatrygginga fyrir vinnuslys á Íslandi. Það sem hér verður hins vegar sagt um danskan rétt tekur því aðeins til almennum slysatrygginga. Slysatryggingar launþega á Íslandi, þar með taldar sjómanna, hafa alla tíð byggst á hinu hefðbundna slysaugtaki slysatrygginga.

Sú breyting sem lögð var til 1999 og tryggingafélög í Danmörku hafa tekið tillit til mun líklega leiða til enn frekari breytinga á gildissviði slysatrygginga þar

⁶⁰ Sjá í því sambandi eftirfarandi tvö Hæstaréttardóma. H 1972:191. Málsatvik voru þau að maður skaut úr rifli að verkamönnum sem voru við vinnu sína. Ein byssukúlan lenti í stýrihúsí vinnuvélar og fór mjög nálægt stjórnanda hennar. Eftir þann atburð þjáðist hann af þunglyndi. Í dómmum var lagt til grundvallar að þunglyndi væri sennileg afleiðing af athöfnum skotmannsins. Prátt fyrir að skotmaðurinn væri ósakhæfur var hann daemur til að greiða tjónþola skaðabæstu á grundvelli hlutlægrar bótareglu í 8. kapítulu Mannhelgisbálk Jónsbókar. H frá 31. janúar 2002, mál nr. 303/2001. Málavextir voru þeir að H varð fyrir líkamstjóni þegar æfing Slökkviliðs í fór úr böndunum í desember 1993. Hafði slökkviliðið um tíma ekki ráðið við eldinn og eldtungur stadið að húsi H sem var í einungis fígúrra metra fjarleggð frá því húsi sem kveikt var í áæfingunni. H þjáðist í kjölfarið af þunglyndi og kvíðaróskun. Af leknisfræðilegum gögnum og frambrúði í málinu þótti ráðið með öruggri vissu að H hefði orðið fyrir áfallastreiturskun við eldsvoðann og hlutið varanlegt heilsutjón af. Var því sannan að orsakatengsl væri milli atburðarins og heilsutjóns H. Þá þótti umrætt heilsutjón eining sennileg afleiðing eldsvoðans, þar sem H hefði haft réttmæta ástæðu til að telja sjálfá sig, heimili sitt og eיגur í bráðri hættu er hún vaknaði við umræddar aðstæður. Engu máli var talið skipta í því sambandi, þótt svo kynni að verða metið eftir a, að henni hafi ekki í raun verið búin raunveruleg hættu. Var í daemurðu skaðabótaskyljur vegna þess heilsutjóns sem H varð fyrir við eldsvoðann.

⁶¹ Sjá Nielsen (2002), bls. 5, Betænkning nr. 1423/2002, bls. 307-308, og Jónsson og Kjærgaard (2003), bls. 902-903.

í landi, þ.e. víkka það.⁶² Sem dæmi þessa má nefna að tryggingafélagið Codan hefur frá 18. mars 2002 boðið upp á almenna slysatryggingu þar sem hugtakið slys er skilgreint sem skyndilegur atburður sem veldur líkamstjóni. Þetta leiðir til þess að auk liðbandaáverka og tognunaráverka á höndum og fótum falla einnig meiðsl, sem rekja má til þess að þungum hlut er lyft eða svimakasts, flogaveikikasts o.s.frv., undir gildissvið slysaugtaksins.⁶³

EKKI er vafi á því, séð í ljósi þess gegn hvaða áhættu er hægt að bjóða vátryggingavernd, að vel er framkvæmanlegt að breyta slysaugtakinu í slysatryggingu sjómanna með þeim hætti sem hér hefur verið rakið. Þannig mætti nálgast það markmið enn frekar að sjómenn væru tryggðir gegn þeirri áhættu sem fylgir starfi þeirra. Vissulega yrðu menn að vera undir það búnir að slíku nýju slysaugtaki fylgdu fleiri bótaskyld slys en áður og þar af leiðandi frekari kostnaður og eftir atvikum hækkuin iðgjalda. Ég hvorki get né mun reyna að geta mér þess til hver sá kostnaður yrði. Hann mætti hins vegar reikna út.

4.2.2. Vítavert/stórkostlegt gáleysi eða ásetningur. Afleiðingar.

Í 12. ml. 1. mgr. 172. gr. siglingalaga segir að lækka megi bætur eða láta þær niður falla ef tjónið verður rakið til vítaverðs gáleysis tjónþola. Ljóst er að samkvæmt 172. gr. ber útgerðarmaður hlutlæga skaðabótaábyrgð á vissum bótaþáttum. Af því má álykta að mat á því hvenær tjón verður rakið til vítaverðs gáleysis tjónþola sé skaðabótaréttarlegt mat en eigi ekki að lúta reglum vátryggingaréttar þó svo að vátryggingaskylda hvíli á útgerðarmanni.⁶⁴

Telja verður líklegt að sömu sjónarmið liggi að baki úrskurði gerðardóms frá 2001 um vátryggingaskyldu útgerðarmanna. Hugmyndin að baki gerðardómi er suð að ef bótarettur er til staðar, bæði skv. 172. gr. siglingalaga og reglum skaðabótalaga, skuli greiða þær bætur sem hærri reynast. Í raun leiðir þetta til þess að í flestum tilvikum verða greiddar bætur úr slysatryggingu sem eru raunveruleg skaðabót, þ.e. ætlað að bæta tjónið að fullu. Það er því ástæða til að ætla að tilvísun gerðardóms í að bætur megi lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi

eða stórkostlegu gáleysi taki mið af skaðabótarétti en ekki vátryggingarétti.

Telja verður sennilegt að hugtakið vítavert gáleysi í 172. gr. siglingalaga verði túlkað með sama hætti og hugtakið stórkostlegt gáleysi. Þetta verður þó ekki fullyrt með vissu.⁶⁵

Hvort heldur sem rétt er að túlka hugtökini vítavert eða stórkostlegt gáleysi í 172. gr. og í úrskurði gerðardóms samkvæmt reglum skaðabótaréttar eða vátryggingaréttar, er rétt að hafa í huga að bótarettur tjónþola gagnvart vátryggingafélagi því sem slysatryggar, byggist á skilmálum þeim sem um trygginguna gilda. Því má velta því fyrir sér hvort nokkru máli skipti í raun hvernig túlka beri siglingalög og gerðardóm því vátryggingaskilmálnir, þar sem m.a. er vísað í vátryggingasamningalög nr. 20/1954, leiði til þess að túlka beri hugtakið stórkostlegt gáleysi út frá reglum vátryggingaréttar en ekki skaðabótaréttar. Vátryggingafélögin hafi einfaldlega ákveðið í skilmálum sínum að svo skuli vera.

Hver svo sem niðurstaða þessa alls kann að vera er rétt að spyrja fyrst hvort það skipti yfir höfuð einhverju máli hvor leiðin er valin, túlkun vátryggingaréttar eða skaðabótaréttar.

Til skamms tíma hefur því verið haldið fram í fræðilegum skrifum að hugtakið stórkostlegt gáleysi í vátryggingarétti sé þrengra en í skaðabótarétti. Þessu veldur að hinn vátryggði hefur venjulega beint eða óbeint greitt fyrir trygginguna og þess vegna sé ástæða til að taka sérstakt tillit til hans. Hugtakið stórkostlegt gáleysi í vátryggingarétti eigi því að túlka sem meðvitað stórkostlegt gáleysi, þ.e.a.s. að vátryggður geti raunverulega gert ráð fyrir að vátryggingaþurðurinn sé möguleg afleiðing af háttsemi hans. Af þessu leiði að við mat á stórkostlegu gáleysi í vátryggingarétti sé lögð áhersla á hvað tjónþoli vissi eða mátti vita. Í skaðabótarétti er meginreglan hins vegar suð að ekki er litil til þess hvað tjónþoli sem einstaklingur vissi eða mátti vita um mögulegar afleiðingar hegðunar sinnar. Hugtakið stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti sé því metið hlutlægt, þ.e. út frá almennum mælikvarða en ekki út frá einstaklingsbundnum mælikvarða.⁶⁶

⁶² Sjá Betæknning nr. 1423/2002, bls. 309-311. Þar kemur m.a. fram að nefnd suð sem vann að endurskoðun á dönsku vátryggingarsamningalögum, sem að stofni til eru frá 1930, hugleiddi hvort taka ætti inn í lagi skilgreiningu á hugtakinu slys. Niðurstaðan varð suð að gera það ekki, m.a. með þeim rökum að slíkt kynni að hamla þeirri þróun sem þegar var komin af stað í þá átt að víkka út gildissvið þess, auk þess sem skilgreining gæti komið í veg fyrir þann sveigjanleika sem þyrti að vera fyrir hendi varðandi gildissvið hugtaksins

⁶³ Nánari upplýsingar um slysatrygginguna og slysaugtakið má sjá á heimasiðu Codan, þ.e.: <http://www.codan.dk/web/beregn/>

GetCodanPage?PageID=195.

⁶⁴ Sjá umfjöllun um vitavert gáleysi, Arnljótur Björnsson (1972), bls. 246 og (1986), bls. 246. Sjá einnig Alþ., B-deild 1971, bls. 2074-2076.

⁶⁵ Sjá dóm Hæstaréttar frá 8. júní 2000 í málina nr. 21/2000. Sjá einnig Arnljótur Björnsson (1986), bls. 246.

Í skaðabótaréttinum var gáleysi til skamms tíma metið út frá ímyndaðri hegðun hins gætna heimilisföður (bonus pater familias), þ.e. að í gáleysi felist að gæta ekki þeirrar varkárni sem gegn og skynsamur maður telur sér skylt að gæta við sömu aðstæður.⁶⁷

Hin seinni ár hefur í skaðabótaréttinum verið vikið frá þessu viðmiði. Í stað þess að meta gáleysi út frá því hvað tjónvaldur vissi eða mátti vita um tilteknar aðstæður, er nú hegðun hans eða athafnaleysi metið hlutlægt. Því er ekki lengur lögð áhersla á að bera háttsemi eða athafnaleysi tjónvalds saman við hvernig gegn og skynsamur maður hefði hagað sér við sömu aðstæður, heldur er fremur lögð áhersla á að meta hvort ákveðin háttsemi eða athafnaleysi feli hlutlægt í sér frávik frá viðurkenndri hegðun á tilteknu sviði, séð í ljósí laga eða réttarreglna settra með heimild í lögum, athafnaskyldu sem kann að hvíla á viðkomandi, réttarframkvæmdar eða venju.⁶⁸ Við gáleysismatið kemur eftir atvikum einnig til skoðunar hve mikil hætta var á að tjón hlytist af athöfn eða athafnaleysi, umfang hugsanlegs tjóns, hvort auðvelt var að sjá að tjón gat átt sér stað og hvaða ráðstafanir var hægt að gera til að koma í veg fyrir tjón.⁶⁹

Á síðari árum má greina breytingu í þá átt að túlka beri hugtakið stórkostlegt gáleysi með sama hætti í

vátryggingarátti og skaðabótarétti. Pannig hefur m.a. verið á það bent að hugtakið stórkostleg gáleysi í 1. tl. 2. mgr. 19. gr. skaðabótalaða nr. 50/1993 og í 2. mgr. 18. gr. vátryggingasamningalaga nr. 20/1954 beri að túlka með sama hætti.⁷⁰ Því virðast ekki lengur vera forsendur til að túlka hugtakið þrengra í vátryggingarátti en skaðabótarétti. Þau sjónarmið að hinn vátryggði hafi venjulega beint eða óbeint greitt fyrir trygginguna virðast ekki lengur til þess fallin að gerður sé greinarmunur á vátrygginga- og skaðabótarétti hvað þetta varðar.⁷¹

Ekki er með góðum hætti hægt að skilgreina nákvæmlega hugtakið stórkostlegt gáleysi í skaðabóta- og vátryggingarátti.⁷² Ljóst er að einhvers staðar á þeiri línu sem liggur milli einfalds gáleyisis og ásetnings liggja mörk einfalds og stórkostlegs gáleyisis. Þau mörk er hins vegar oft erfiðleikum bundið að staðsetja. Ljóst virðist þó að skilin þarna á milli liggja nær ásetningi en einföldu gáleysi. Gáleysi getur verið stórfellt þótt það sé ekki víssitandi, þótt vissulega séu líkurnar meiri á að hegðun þess sem víssitandi tekur áhættuna á ákveðinni athöfn feli í sér stórkostlegt gáleysi. Þá getur skipt máli við mat á gáleysi hvort sá sem í hlut á er barn, fullorðinn eða býr yfir sérfræðipekkingu á viðkomandi sviði.⁷³ Sé tjónþoli ölvadur eykur það líkur þess að hegðun hans teljist fela í sér stórkostlegt gáleysi þótt ekki sé hægt

⁶⁶ Sjá Lyngsø (1994), bls. 224-225.

⁶⁷ Sjá Arnjótur Björnsson (1999), bls. 59, Jónsson og Kjærgaard (2003), bls. 255, Bo von Eyben og Isager (2003), bls. 60.

⁶⁸ Sjá Jonsson og Kjærgaard (2003), bls. 255, Bo von Eyben og Isager (2003), bls. 61-62.

⁶⁹ Sjá Arnjótur Björnsson (1999), bls. 65, Lodrup (1999), bls. 149.

⁷⁰ Sjá Möller og Wiisbye (2002), bls. 418, Jónsson og Kjærgaard (2003), bls. 256 og 543, og Sørensen (2002), bls. 146-149. Sjá einnig U 1995.737H, sjá nánar um þann dóm Nørgaard (1996), bls. 191-196, U 1998:1558H, U 1998:1693H og U 1998.32H. Sjá einnig Nørgaard (2001), bls. 476-477.

⁷¹ Sjá Jónsson og Kjærgaard (2003), bls. 256.

⁷² Í frumvarpi til nýsamþyktra laga um vátryggingasamninga sem lagt var fyrir Alþingi á 130. löggiðarfingi 2003-2004 er í 27. gr. að finna reglu þess enfis að hafi stórkostlegt gáleysi vátryggð, óðrum tryggingum en ábyrgðartryggingum, valdið vátryggingaþburði losni félagið úr ábyrgði í heild eða hluta. Síðan segir að við mat á ábyrgð félagsins skal lítta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaþburð bar að, hvort ábyrggður var undir áhrifum áfengis eða fíknæfna sem hann hafi sjálflvijugur neytt og atvika að öðru leyti. Í greinargerði segir eftirfarandi um hugtakið stórkostlegt gáleysi: „2. mgr. er regla um þau tilvik er vátryggður veldur vátryggingaþburði af stórkostlegu gáleysi. Með sama hætti og kveðið er að um í 2. mgr. VSL losnar félagið úr ábyrgði í heild eða hluta í pessum tilvikum. Við mat á því að hváða marki félagið losnar undan ábyrgð skal lítta til nokkura atriða. Er par fyrst nefnd sök, þ.e. meta á hve mikil sökin er. Einig skal lítta til þess hvernig vátryggingaþburð bar að, en með þessu er átt við, eins og skýr hefur verið fyrir í frumvarpinu, að lítta á til orsakasamhengis milli háttseini og þess að vátryggingaþburður verður. Þá ber að lítta til þess hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíknæfna. Í 20. gr. VSL er félagini heimilt að semja svo um að það skuli laust úr ábyrgð ef vátryggður hefur valdið vátryggingaþburðum í „ólæði, er honum verður sjálfum gefin sök á“. Í því samhengi sem þessi regla er hefur hún verið skýrð svo að ólæði, sem vátryggður á sjálfur sök á, hafi sömu réttaráhrif og stórkostlegt gáleysi að hans hálfu. Ólæði hefur verið skýrt svo að alkóholmagnum í blöði purfi að hafa verið meira en 1,20% og helst í nánumdra við 1,60% til þess að skilyrðinu væri örugglega fullnægt. Í frumvarpinu er gerð tillaga um sveigjanlega reglu að þessu leyti. Tillagan miðast við að eitt af því sem lítur beri til er hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíknæfna. Ef su er raunin getur það haft áhrif á rétt hans til bóta, en leiðir ekki sjálflvifra til þess að félagið losnar úr ábyrgð i heild eða hluta. Af þessu leiðir að ákvæðum í skilmánum sem mæla fyrir um að vátryggður megi ekki smakka áfengi á vátryggingatímabilinu, og ef hann geri það leiði það til þess að félagið losnar úr ábyrgð, yrði ekki beitt. Loks ber að lítta til atvika að öðru leyti. Tilvísun til atvika að öðru leyti er í frumvarpinu hugsuð til þess að gefa dómstólmum við svigrum þegar kemur að því að skilgreina undantekningar frá meginreglunum.“ Sjá 130. löggiðarfingi 2003-2004. Pskj. 215-204. mál. Í norsku vátryggingasamningalögumnum nr. 69/1989 er sambærilegt ákvæði og 27. gr. íslensku laganna. Í kjólfar gildistóku norsku laganna voru áhrif stórkostlegs gáleyisis vátryggðs þau að bætur voru venjulega lækkadur um 10-20%. Hin seinni ár hefur orðið að þessu breyting og nú er ekki ólgengt að bætur séu lækkadur um 50% og fleiri dæmi en áður eru um 100% lækkun. Sjá Bull (2003), bls. 273.

⁷³ Sjá Brynhildsen, Lid og Nygård (2001), bls. 102.

að setja samasemmerki þar á milli.⁷⁴

Af nýlegum dóumum í Danmörku virðist mega draga þá ályktun að athöfn eða athafnaleyzi, sem felur í sér augljósa hættu á að tjón verði, feli í sér stórkostlegt gáleysi.⁷⁵ Líkur eru á að hlutlægt mat á alvarleika gáleysis út frá því hversu augljós hættan var eigi betur við í þeim tilvikum þar sem viðkomandi hefur tíma og möguleika á að hugsa sig um áður en hann framkvæmir eða lætur vera að framkvæma heldur en þar sem um augnablikis gáleysi er að ræða, þ.e. athöfn eða athafnaleyzi á sér stað í hita augnablikssins. Í síðara tilvikinu er líklega eðlilegra að nálgast matið út frá því hversu ámælisverð háttsemi tjónvalds er, enda erfiðara að meta hvað er augljóst þeim sem engan tíma hafði til að hugsa sig um.⁷⁶ Þannig er málum oft háttáð á sjó, enda gera slys þar sjaldnast boð á undan sér.

EKKI verður fullyrt að Hæstiréttur leggi sama mat á hugtakið og virðist gert í Danmörku. Eftirfarandi þrír dóumar benda þó til þess að rétturinn sé ekki síður líklegur til þess að fallast á að háttsemi sé stórkostlega gálaus en gildir í Danmörku:

Dómur Hæstaréttar frá 19. desember 2002 í máli nr. 317/2002

Iehf. krafði Vhf. um bætur úr samsettri lausaffár- og rekstrarstöðvunartryggingu og viðtakri eignatryggingu vegna muna er hurfu í innbroti. Í dóumnum segir m.a.: "Fram er komið að brotist var inn í starfsstöð stefnda að Bíldshöfða 16 með því að losað var um stormjárn á glugga í rúmlega 2ja metra hæð við hlíð innkeyrsluhúrðar, en glugginn hafði verið skilinn eftir opinn þegar starfsstöðin var yfirgefin í lok vinnudags fóstudaginn 15. júní. Áfríþjandi ber fyrir sig e) og f) liði 3. gr. hinnar viðtaku eignatryggingar, þar sem segir að það sé skilyrði bóta að eðlileg aðgát hafi verið viðhöfð og tekið fram að vártryggingin bæti ekki tjón á munum sem stolið sé úr ólæstum hibýlum. Starfsstöð

stefnda var í húsnæði í iðnaðarhverfi, sem er að jafnaði mannlaustr á kvöldin og um helgar. Verður að telja það stórfellt gáleysi af stefnda að skilja við starfsstöð sína eins og gert var, enda bjóður opinн gluggi af þeirri stærð, sem hér um ræðir, á pessum stað og tíma, heim hættu á innbroti og leidin til þess nokkuð greið. Vegna þessa stórfellda gáleysis verður krafa áfryjanda að þessu leyti einnig tekin til greina og verður hann sýknadur af kröfum stefnda í málinu."

Ef tekið er mið af því sem að framan var sagt um danskan rétt má vissulega færa fyrir því rök að hér sé Hæstiréttur á svipaðri braut, þ.e. meti það sem svo að það athafnaleyzi tjónþola að loka ekki glugganum, þrátt fyrir að hann hafi haft til þess tíma og möguleika, hafi falið í sér augljósa hættu á innbroti. Því er þó ekki að leyna að miðað við málavaxtalýsingu í dóumnum er þessi hætta ekki jafnaugljós öllum þeim sem dóminn lesa og hún virtist vera Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar frá 12. desember 2002 í máli nr. 272/2002

Deilt var um vártryggingabætur vegna tveggja tjóna á vélbúnaði skips í desember 1999 og febrúar 2000, þá í eigu Ö ehf. Varðandi síðari tjónsatburðinn var óumdeilt að tveir starfsmenn Ö ehf. hefðu gangsett vél skipsins og farið skömmu síðar frá borði en tjónið hafði orðið meðan þeir voru að sinna verkum á verkstæði. Í héraðsdómi, sem skipaður var tveimur séfróðum meðdómendum, kom fram að vélarrúm skipsins hafði hvorki verið byggt né flokkað sem mannlaustr vélarrúm og því ljóst að ekki mætti fara úr hljóð- eða ljósmerkjásambandi við viðvörunarkerfi aðalvélarinnar á meðan hún var í gangi. Fallist var að það mat héraðsdóms að það hefði verið stórkostlegt gáleysi af hálfu starfsmanna Ö ehf. að yfirgefa skipið mannlaustr með vélina í gangi.

Af dóumnum verður ekki annað ráðið en að sú

⁷⁴ Eftirfarandi dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 6. september 1996, í málinu nr. E-4296/1995, er dæmi um tilvik þar sem reyndi á hvort vártryggingabætur meitt rekja til stórkostlegs gáleysis vártryggðs, þ.e. ölvunars hans. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Málavextir voru þeir að P. sem var skipstjóri á handfærabáti, lagði að stað til veiða frá Patreksfjörði að morgni 30. maí 1993. Vegna veðurs hætti hann við að fara út fjörðinn og sigldi að Gjögnum. Hitti hann þar fyrir H og tjáði honum að hann ætlaði yfir á Patreksfjörð. Fylgdist H með P þar sem hann sigldi út að leguferum framan á Gjögnum að báti sem þar lá. Sást síðast til þar sem hann var kominn um borð í hinn báttinn og var að binda sinn bát við þann bát. Síðan sást til þar sem hann var kominn í sjóinn og var á sundi á leið til lands. Að sögn sjónarvottva hætti hann skyndilega að synða og að því er virtist gaft upp er hann áttu eftir um það bil 40 metra í land. Tókst að ná honum í land en líffugunartilraunir báru ekki árangur. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna var vínamdarmagn í blöði hins látna 1,59% og í þvagi 2,04%. Taldi stefndi að með ölvuninni í umrætt sinn hefði hann fyrirgett bótaretti sínum úr lýslyatryggingu sjómannna og því ættu erfingjar ekki bótaretti samkvæmt 172. gr. siglingalauga nr. 34/1985. Vísad stefndi til þess að samkvæmt skilmálmum tryggingarinnar sbr. einnig 20. gr. vártryggingasamningalauga nr. 20/1954 sé heimilt að hafna greiðslu bóta. Í niðurstöðum dóms segir m.a. um hið meint að stórkostlega gáleysi P: "Fyrir liggur samkvæmt gögnum málins að þeitinn hafi verið undir áhrifum áfengis er slysti varð. Hins vegar er ekkert upplýst um tildróg slyssins og hvort það megi beinlinnis rekja til ölvunars hans. Sjópróf var ekki halddi vegna slyss þessa og aðstæður við bátana á legunni voru ekki kannadaðar séristaklega á vettvangi. Verður því að telja að ósannadó se að um hafi verið að ræða stórkostlegt gáleysi af hálfu hins látna..." Sjá einnig frá danskri réttarframkæmd U 2003:339 H. Vinandamagn í blöði ókumanns mældist ca. 1,8%. Þetta var talið hófuðarsök slyss og fela í sér stórkostlegt gáleysi. Ókumaðurinn var því hvorki talinn eiga rétt á bólum úr ábyrgðartryggingu okutækis né úr frjálsri slysatryggingu. Þá var unnusta hans, sem var með honum í bílnum og lést, talin hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og voru bætur til barna hennar lækkaðar um 1/3 af þeim sökum.

⁷⁵ Sjá Bo von Eyben og Isager (2003), bls. 354.

⁷⁶ Sjá Sørensen (2002), bls. 146.

háttsemi starfsmanna í umrætt sinn, að fara úr hljóð-
eda ljósmerkjasambandi við viðvörunarkerfi aðalvélar
skipins, hafi falið í sér svo stórkostlegt gáleysi að ekki
þurfi að fjalla sérstaklega um það hvort í háttsemi
þeirri fólst augljós hætta á að tjón yrði. Aftur virðist
því Hæstaréttur dæma háttsemi manna strangt.

Dómur Hæstaréttar frá 23. september 1999 í máli nr. 16/1999

*Þ, sem vann við ásetningu krana á vörubifreið,
slasaðist þegar hann hugðist gangsetja bifreiðina í því
skyni að virkja vökvakerfi hennar og prófa kranann.
Steig hann upp á gangbretti bifreiðarinnar og teygði
sig inn til þess að gangsetja hana. Við þetta fór bifreiðin
af stað og klemmdist Þ þegar hurð bifreiðarinnar
lenti á hurðarkarmi verkstæðisins. Talið er að eina
orsök slyssins hafi verið stórkostlegt gáleysi Þ og var
vátryggingafélagið V sjíknad af kröfum Þ með vísan
til laga um vátryggingasamninga og skilmála V
vegna slysatryggingar ökumanns. Í dómi Hæstaréttar
segir m.a.: "Áðilar eru sammála um það að loft hafi
ekki farið af kerfi bifreiðarinnar áður en áfrýjandi
gangsetti hana þessu sinni. Af matsgerð dómkvadds
manns og skýrslum fyrir dómi verður að alykta að af
þeim sökum geti áfrýjandi ekki hafa skilið bifreiðina
eftir í sturtugír er hann slökkti á vél hennar.
Áfrýjandi var sá eini sem kom nálægt stjórntækjum
bifreiðarinnar við þetta tækifæri."*

Hér virðist dómurinn ganga út frá því að tjónþoli hafi
mátt vita að við gangsetningu myndi bifreiðin fara
af stað. Hegðun tjónþola hafi því falið í sér augljósa
hætta á tjóni.

Eins og að framan greinir getur stórkostlegt gáleysi
sjómanns orðið til þess að hann verður að hluta eða
fullu að bera tjón sitt sjálfur. Sem dæmi þessa skal
enn á ný nefndur dómur Hæstaréttar frá 8. júní 2000
í máli nr. 21/2000 en þar kom eftirfarandi fram um
hugtakið vitavert gáleysi í 172. gr. siglingalaga:

*S, sem var í skipsrúmi á skipi H, varð fyrir meiðslum
á hálsi í átökum við annan skipverja meðan þeir
voru að vinnu á þilfari skipsins, þar sem það var
að veiðum. Um gáleysi og metna eigin sök tjónþola
segir eftirfarandi í dómnum: "Í samræmi við síðari*

*lið málsgreinarinnar þarf bins vegar að taka afstöðu
til þess hvort rétt sé að lækka bætur til áfrýjanda eða
fella þær niður sakir þess að hann hafi orðið valdur
að tjóni sínu af vítaverðu gáleysi. Telja verður að
hann hafi vísvitandi stofnað til hættu á meiðslum í
samskiptunum við félaga sinn, en eigi hins vegar ekki
einn alla sök á því hvernig fór, svo sem fyrr getur.
Þykir hæfilegt að þessu virtu að örorkubætur til hans
verði lækkaðar um helming, þannig að stefndi greidi
honum bætur að hálfu."*

Í 2. mgr. 88. gr. umferðalaga nr. 50/1987 er að finna
ákvæði þar sem kveðið er á um að stórkostlegt gáleysi
þess sem slasast getur leitt til lækkuðar eða brottfalls
bóta.⁷⁷ Hér á eftir verða reifaðir þrír dómar þar sem
reyndi á þetta ákvæði.⁷⁸

H 1997:1071

*K varð fyrir slysi er verið var að afferma timbur af
palli bifreiðar. Um gáleysi tjónþola segir eftirfarandi í
dómi Hæstaréttar: "Áfrýjandi var sjálfur viðtakandi
varningsins, sem fluttur var með bifreiðinni, og
bar ábyrgð á því hvernig staðið væri að móttöku á
honum. Hann var vanur vinnu þar sem lyftibúnaður
var notaður og mátti gera sér ljósa grein fyrir hættum
sem henni væru samfara. Hann mátti og vita að
bifreiðastjórinн sái ekki til handbragða hans. Engar
líkur eru að því leiddar að búnaði kranans eða
umbúnaði við lyftingu á farminum hafi verið áfátt.
Ósannað er, gegn mótmælum bifreiðastjórans, að
farminum hafi verið slakað niður eftir að hifing var
þyrjuð, og áfrýjandi gat hæglega meitost við aðgerðina
án þess að mistök við stjórn kranans kæmu til. Er mun
líklegra, þegar alls er gætt, að áfrýjandi hafi sjálfur
lagt sig í óþarfa hættu. Verði slysið þannig rakið til
mistaka hans, sem meta megi honum til stórkostlegs
gáleysis, eins og á stöð. Samkvæmt því er rétt að taka
til greina þá kröfu stefndu að bætur til áfrýjanda verði
lækkaðar á grundvelli 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.
Er hæfilegt eftir öllum atvikum að hann beri sjálfur
helming af tjóni sínu en stefndu bæti það að hálfu."*

H frá 20. mars 2003, mál nr. 374/2002

*R og tveir vinnufélagar hans smíðuðu trépall sem
þeir notuðu til leiks á þann hátt að tveir þeirra festu
sig niður í sæti á honum en sá þriðji stýrði bifreið*

⁷⁷ Sjá Arnljótur Björnsson (2003), bls. 65, en þar kemur fram að höfundur telur að lögfesting 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga leiði til þess að sakarskipting verði nánast úr sögunni þegar vélknúð ökutæki veldur slysi á fótgangandi vegfarendum, hjóreiðamönnum, ríðandi mönum eða farþegum.

⁷⁸ Sem dæmi um lagaákvæði þar sem kveðið er á um að stórkostlegt gáleysi geti leitt til lækkuðar eða brottfalls bóta má nefna: 6. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. I greinargerð með 6. gr. segir m.a. eftirfarandi: "Þegar liðið er til úrlausna dómstóla í málum, þar sem komið hefur til alita að telja að gáleysi sé stórfelt, verður að ætla að mjög sjaldan reyni á ákvæði 6. gr." Sambærilega reglu er að finna í 9. gr. laga nr. 25/1991 um skaðosemisábyrgð.

sem dró pallinn eftir malarplani. R slasaðist þegar pallurinn rakst á járngrindur sem geymdar voru á planinu. Í dömi Hæstaréttar segir m.a. um gáleysi tjónpola: "Af gögnum málsins er ljóst að stefndi átti hlut að smiði áðurnefnds trépalls og lagði á ráðin með vinnufélögum sínum um að nota hann til leiks á þann hátt að tveir peirra myndu festa sig niður í seti á honum og hann yrði dreginn af bifreið sem sá þriðji myndi stýra. Pallur þessi var þannig úr garði gerður að augljóst mátti vera að stórfeldl hætta gæti staðað af honum á fleiri en einn veg þegar hann yrði dreginn í bringi eftir malaryfirborði athafnasvæðis Vegagerðarinnar innan um vörubirgðir og áhöld. Stefndi hefur ekki hnækkt því, sem fram kom við lögreglurannsókn, að ökubraði og aksturslag Ásgeirs Jóns Einarssonar, sem stjórnaði bifreiðinni þegar stefndi slasaðist, hafi lítt verið frábrugðið því sem var hjá fyrri ókumannni hennar, svo og að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi breyst athugasemdum við þá um þennan háscaleik. Þegar slysíð bar að höndum hafði stefndi náð nægilegum aldri til að geta gert sér fulla grein fyrir peirri verulegu hættu, sem hann setti sig í með þáttöku í þessum athöfnum. Hann sýndi þannig af sér stórfeltl gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Að því virtu hefur stefndi þegar fengið tjón sitt bætt að því leyti sem hann getur sott að öðrum um það." Tjónpoli hafði fengið bætt helming tjóns síns.

H frá 25. október 2001, mál nr. 129/2001

R krafðist bóta vegna slyss er hún varð fyrir sem farþegi í bifreið GA, en ókumaður bifreiðarinnar í umrætt sinn, GP, var undir ábrifum áfengis. Í dömi Hæstaréttar kemur fram að niðurstaða málsins ráðist af reglum 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga um eigin sök. Síðan segir: "Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms með skírskotun til forsendna hans, að gagnáfrýjanda hafi mátt vera ljóst að gagnstefndi, er hún fêkk til að aka bifreiðinni R-8748 fyrir sig frá Flateyri til Bolungarvíkur aðfaranótt 1. nóvember 1997, hafi verið undir ábrifum áfengis. Jafnframt er staðfest sú niðurstaða dómsins að slysíð verði rakið til ölvunar

hans. Gagnáfrýjandi sýndi þannig af sér stórkostlegt gáleysi er hún fêkk manni, sem henni gat ekki dulist að var verulega undir áfengisáhrifum, stjórn bifreiðar sem bún hafði umráð yfir og tók sér far með honum. Sök hennar á slysinu er því veruleg. Ber að lekka bætur til hennar á grundvelli 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga og þykir í ljósi atvika edlilegt að hún beri 2/3 hluta tjóns síns."⁷⁹

Oft þarf að meta bæði gáleysi tjónvalds og tjónpola. Þetta á við þegar hinn bótaskyldi ber ábyrgð á grundvelli sakar. Slíkt mat leiðir eftir atvikum til þess að sök er skipt. Almenna reglan nú til dags er sú að tjónpoli fær fullar bætur nema sök hans í sé 1/3 eða meiri. Þó svo að við það sé miðað að tjónpoli sé ekki láttinn bera hluta sakar í máli nema sök hans sé veruleg er ekki þar með sagt að hægt sé að draga þá ályktun að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Það mat kann að vera háð aðstæðum og ekki verður lagt að jöfnu hver eigin sök er og gáleysisstig. Þannig er ekki hægt að gefa sér að ákvæðna lágmarks eigin sök þurfi til þess að um stórkostlegt gáleysi teljist að ræða. Einfalt gáleysi tjónvalds og tjónpola getur leitt til þess að tjónpoli verði láttinn bera helming tjóns síns sjálfur. Í öðrum tilvikum kann að vera fyrir hendi stórkostlegt gáleysi bæði tjónpoli og tjónvalds en þar sem gáleysi tjónvalds er meira en tjónpoli verður sá síðarnefndi aðeins láttinn bera 1/3 hlut tjóns síns sjálfur.

Af eftirfarandi tveimur dóumum virðist mega draga þá ályktun að þótt tjónpolar hafi verið látnir bera 50% eigin sök hafi dórmstóllinn ekki talið að þeir hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þetta verður þó ekki fullyrt með vissu þar sem dórmstóllinn tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til gáleysisstigsins þegar eigin sök er metin heldur lætur nægja að kveða upp úr með það að tjónpoli hafi sýnt af sér gáleysi sem leidi til þess að hann verði að bera hluta tjóns síns sjálfur.

H frá 20. janúar 2000, mál nr. 284/1999

G hafði að mestu lokið við viðgerð á togvindu skips í eigu H þegar hann fell um togvír, sem lá slakur frá togvindunni og aftur í gálgá skipsins. Í dómnunum segir

⁷⁹ I 2. mgr. 101 gr. dónsku umferðarlagna nr. 712/2001 er að finna sambærilegt ákvæði við 2. mgr. 88. gr. umferðalaga nr. 25/1987. Sjá umfjöldum um dómaframkvæmd í Danmörku um áhrif þess að tjónpoli tekur sér far með ólvuðum ókumannni, Drew Jensen (1988), bls. 383-389. Með sama hætti og í dömi Hæstaréttar í mál nr. 129/2001, eru áhrif þess að tak að sér far með ólvuðum ókumannni metin í Danmörku út frá reglum um eigin sök en ekki áhættutöku. Í Danmörku er meginreglan sí að sá sem tekur sér far með ólvuðum ókumannni þarf að bera 1/3 hluta tjóns síns sjálfur. Aðstæður geta þó verið með þeim hætti að tjónpoli missir bótarett sinn að fullu. Sem dæmi má nefna U 1990:688 V þar sem tjónpoli, sem hafði verið lengi á veitingaháusi með ókumannni, sem elnni klst. eftir óhapp, mældist með alkóholprómill 2,27, fêkk engar bætur. Full ástæða er til að ætla að gildandi réttur á Íslandi sé sambærilegur, þ.e. að eftir atvikum geti tjónpoli tapað bótaretti sínum að fullu. Fleiri danska dóma má nefna í tengslum við þetta ákvæði umferðarlaga. U 1992:900 V. Hér voru bætur tjónpola lækkadár um 1/3. U 1993:785 V. Hér voru bætur vegna mississ framfæranda lækkadár um 1/3 þar sem hinum látni hljóp fyrir bil. Athyglisvert er að í þessu tilviku var talid að um ásetningsverk hins látna hafi verið að ræða. U 2001:710 O. Farþegi í stolnum bil slasaðist á flóta undan lögreglu eftir innbrot. Bætur til hans voru lækkadár um 1/3. Var talid að honum hafi mátt vera það ljóst að þeim kynni að verða veit eftirförl eftir innbrotið og að slíkt gæti orðið til þess að ókumaðurinn keyrði mjög óvarlega. U 2002:2545 V. Hér voru óvti þau að bílstjóri tók bíllykil úr kveikju meðan að akstri stóð. Ætladí Hann að prófti annan lyki. Þetta varð til þess að stýrið festist, billinn fór yfir á ófugan vegarhelming og lenti á arnarri bifreið. Bílstjórin var talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi en þó voru bætur til hans ekki lækkadár. U 2003:339 H. Áfengismagn í blóði ókumannans mældist c.a. 1,8%. Þetta var talid hófuðorsók slyss og fela í sér stórkostlegt gáleysi. Ókumaðurinn var því hvorki talinn einga rétt að bótum úr ábyrgðartyggingu ókutekis neð úr frjálsri slystaryggingu. Þá var unnust hans sem var með honum í bílnum og lést talin hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og voru bætur til barna hennar lækkadár um 1/3 af þeim sökum.

um eigin sök tjónpola: "Að öllu þessu gættu verður að leggja til grundvallar að stefnda hafi verið kunnugt um hvernig togvírinn lá áður en hann slasaðist. Með fullri aðgæslu hefði hann getað forðast slysið. Hann á þannig nokkra sök á því hvernig fór. Verður hann af þessari ásteðu sjálfur að hera tjón sitt að helmingi."

H frá 7. mars 2002, mál nr. 292/2001

Starfsmenn P hf. (síðar L hf.), sem unnu að því að koma 6 cm sveru plaströri undir götu, lögðu rörið þvert yfir gangstétt meðan á framkvæmdinni stóð. Þ, sem kom skokkandi eftir gangstéttinni, fíll um rörið og fótbrotnaði. Í dómnum segir um eigin sök tjónpola: "Er ljóst að þær aðstæður voru fyrir bendi, sem hefðu átt að vara gagnáfrýjanda við ef aðgát hefði verið sýnd. Hún á því einnig sök á óhappinu. Þykir rétt að aðilarnar beri hvor helming sakar vegna þess tjóns sem gagnáfrýjandi varð fyrir við slysið."

Í eftirfarandi tveimur dómum var eigin sök tjónpola metin annars vegar 3/5 og hins vegar 2/3. Telja verður líklegt að gáleysi tjónþola í báðum þessum tilvikum hafi verið metið stórkostlegt.

H 1998:2346

H ehf. hafði sem verktaki með höndum smiði brúar yfir Skálum á Myrdalssandi. Að sjálfri brúarsmiðinni lokinni var unnið við að fjarlægja bráðarbirgðarbrú. O stjórnaði verkinu. Þegar 6.500 kg. þungum burðarbita var lyft með kranabifreið sat annar endi bitans fastur. Fór O þá við annan mann til að losa endann með járnkarli. Er bitinn losnaði kom slinkur á bómum kranans. Brast bóman og fíll á mennina tvø sem léttust. Í dómnum segir m.a. um eigin sök O: "Á það verður að fallast með héraðsdómi að ekki hafi átt að leynast O, sem var þauvanur verkstjórnandi, að kranabóman var undir hættulegu á lagi þegar hann ákvað að losa bitann með félaga sínum og fara undir bómuna, en þetta verklag hafi verið með öllu ónauðsynlegt og varhugavert. Slysíð verður því einnig rakið til eigin sakar O..." Eins og að framan greinir verða stefndu S og O sjálfir taldir eiga sök á slysinu. Þykir gáleysi O hafa verið svo verulegt að fóbotaábyrgð stefndu S takmarkist við 2/5 hluta tjónsins.

H frá 22. nóvember 2001, mál nr. 74/2001

Stýrimaðurinn S vann við að þrífa golf og veggi í lest loðnuskips. S stóð í miðjum stiga, sem hann hafði reist upp við skemmri blið lestarhólfssins, þegar

stiginn rann undan honum þannig að hann fell niður og slasaðist. Hæstiréttur taldi að slysið yrði rakið til vanbúnaðar stigans, sem útgerðarmaður skipsins hafði lagt S til við verkið. Um eigin sök tjónpola segir m.a. í dómnum: "Við mat á sök verður þó einnig að líta til þáttar áfrýjanda. Hann var reyndur sjómaður og hafði gegnt starfi stýrimanns um bord í skipinu samfellt um áttá ára skeið þegar slysið varð. Hann var því þaukunnugur öllum aðstæðum um bord og einn af yfirlönnnum skipsins. Stefndi hafði nýlega eignast skipið og bjó áfrýjandi yfir meiri pekkingu á aðstæðum um bord en fyrsti stýrimaður, sem hafði tekið við því starfi eftir eigendaskiptin. Kom fram í framburði fyrsta stýrimanns yfir héraðsdómi að hann hafi lítið svo á að áfrýjandi væri verkstjóri við þrifin ásamt sér og hefði hann leidbeint öllum, sem við þau unnu, nema áfrýjanda. Áfrýjandi átti því að bera skynbragð á hvort stiginn, sem bonum var fenginn, hentaði til verksins. Hann hafði stöðu til að hafna stiganum ef hann teldi svo ekki vera og neita að vinna verkið ella. Þá ákvað áfrýjandi alla tilhögun við verk sitt sjálfur. Hann hefði getað óskað eftir manni til að halda við stigann eða gert gangskör að því að útvega binn hluta stigans, þannig að unnt hefði verið að lengja hann og skorða að því búnu á milli lengri bliða lestarhólfssins með viðunandi halla. Átti áfrýjandi því verulega sök á slysinu. Er að þessu gættu hæfilegt að hann beri sjálfur $\frac{2}{3}$, hluta tjóns síns en stefndi $\frac{1}{3}$ hluta."

Ef ábyrgðin byggist á hlutlægum grunni verður sök ekki skipt með sama hætti og að framan greinir. Það breytir því þó ekki að eftir sem áður getur í þeim tilvikum komið til þess að tjónþoli verði láttinn bera hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.⁸⁰

Þá er einnig rétt að hafa í huga að í þeim tilvikum þar sem lögfest er regla sem kveður á um að stórkostlegt gáleysi þurfi til að lækka bætur til tjónþola, er meginreglan sú að hann skuli fá óskertar bætur. Því má álykta sem svo að þótt gáleysi tjónþola í viðkomandi tilviki sé talið stórkostlegt geti það leitt til lægri eigin sakar en væri ef ábyrgð tjónvalds byggðist á sök, p.e. væri ekki hlutlæg.⁸¹

Sá sem heldur því fram að tjón verði rakið til stórkostlegs gáleysis tjónþola verður að sanna að svo sé. Í tilviki slysatryggingar sjómannna ber vátryggingafélagið því sönnunarþyrðina.⁸²

Með vísan til þess sem sagt hefur verið um hugakið stórkostlegt gáleysi má reikna með því að ekki muni

⁸⁰ Arnjólur Björnsson (1999), bls. 125-126.

⁸¹ Sjá umfjöllun í fótnotu nr. 37.

⁸² Sjá Jönsson og Kjærsgaard (2003), bls. 267.

reyna á lækkun af þessum sökum í slysamálum sjómanna nema í undantekningartilfellum. Þannig þekkist nánast ekki að bótum úr hinni nýju slysatryggingu sjómanna sé hafnað að hluta til eða fullu með viðan til stórkostlegs gáleysis.⁸³ Þeir dómar sem að framan hafa verið raktir gefa þó ástæðu til að ætla að Hæstiréttur muni eftir atvikum beita lækkun ef á reynir.

5. SAMANTEKT

Ef bótaréttur þess sem verður fyrir slysi við vinnu sína byggðist eingöngu á reglum skaðabótaréttar yrði oft mikil óvissa tengd því hvænær hinn slasaði fengi tjón sitt bætt og hvenær ekki. Þetta hefur leitt til þess að byggð hefur verið upp bótakerfi til viðbótar skaðabótaréttinum. Þegar bótaréttur þess sem orðið hefur fyrir vinnuslysi er ræddur er því nauðsynlegt að líta á bótarétt hans í heild en ekki aðeins að einskorða sig við skaðabótarétt hans. Slysatryggingar launþega eru hluti þessa bótaréttar.

Hér að framan hefur annars vegar verið fjallað um almenn atriði tengd bótarétti launþega og hins vegar um álitaefni sem snúa að slysatryggingu sjómanna. Umfjöllunin um slysatryggingu sjómanna snerti þá spurningu hvenær um bótaskyld slys væri að ræða, þar með talið hvaða sjómenn séu vátryggðir, hvenær og á hvaða grundvelli.

Kom m.a. fram að enda þótt sú skylda hvíli nú á útgerðarmönnum að slysatryggja alla íslenska sjómenn er ekki þar með sagt að þeir séu allir tryggðir með sama hætti. Þá kom einnig fram sú skoðun að ekki væri sjálfgefið að hugtakið slys í 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 bæri að túlka með sama hætti og það er skilgreint í hinni gömlu og nýju slysatryggingu sjómanna og úrskurði gerðardómós frá 2001.

Þá var gerð grein fyrir því að þótt með hinni nýju slysatryggingu sjómanna væri stigið stórt skref í þá átt að tryggja fullar bætur gætu komið upp einstök tjónstilvik sem kynnu að falla utan gildissviðs tryggingarinnar. Var þar m.a. fjallað um tjón vegna þess að verið er að lyfta þungum hlutum, vegna ofáreynslu, svimakasts eða rangs álags á t.d. liðamót

vegna hreyfinga tjónþola, áfallastreituröskunar og annarra andlegra áfalla. Í framhaldi af þeirri umfjöllun voru raktar þær breytingar sem gerðar hafa verið á hinu almenna slysahugtaki í Danmörku og hvort ástæða sé til að ætla að svipaða leið megi fara hér á landi varðandi slysatryggingu sjómanna. Að lokum var gerð grein fyrir áhrifum þess að slysaatburður verður rakinn til vítaverðs eða stórkostlegs gáleysis tjónþola.

⁸³ Með tilkomu hinnar nýju slysatryggingar hefur áherslan í slysamálum sjómanna færst að verulega leyti frá sakarspurningunni yfir í að staðreyna afleiðingar slyssins. Þetta hefur aftur leitt til þess að oft eru atvik málss lítt upplýst, aðeins látið við það sitja að fá staðfest að viðkomandi hafi orðið fyrir slysi. Löggregluskríslum hefur þannig fækkað verulega frá því sem áður var og sjópróf eru nánast ekki haldin lengur. Líklega drengur þessi skortur á upplýsingum um atvik málss enn frekar úr líkum þess að bótum verði neitað með þeim rökum að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis tjónþola.

HEIMILDASKRÁ:

Fræðirit og greinar:

- Arnljótur Björnsson (1972) Arnljótur Björnsson, Bylting í bótarétti, Úlfþjótur, 3. tbl. 1972.
- Arnljótur Björnsson (1981) Arnljótur Björnsson, Yfirlit yfir bótaferfi á Íslandi, Úlfþjótur, 1.-2. tbl. 1981.
- Arnljótur Björnsson (1986) Arnljótur Björnsson, Nýju siglingalögin II. Slysatrygging sjómanna og sérreglur siglingalaga um bætur fyrir vinnuslys, Tímarit lögfræðinga 1986, bls. 239-255.
- Arnljótur Björnsson (1988) Arnljótur Björnsson, Bætur fyrir umferðarslys, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1988.
- Arnljótur Björnsson (1990) Arnljótur Björnsson, Kaflar úr skaðabótarétti, Bókaútgáfa Orators, Reykjavík 1990.
- Arnljótur Björnsson (1999) Arnljótur Björnsson, Skaðabótaréttur - kennslubók fyrir byrjendur, 2. útgáfa, Bókaútgáfa Orators, Reykjavík 1999, ISBN 9979-825-20-0.
- Arnljótur Björnsson (2003) Arnljótur Björnsson, ökutæki og tjónbætur, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2003, ISBN 9979-66-130-5.
- Benkelfat C. (1995) Benkelfat C., Bradwejn J., Meyer E., Ellenbogen M., Milot S., Gjedde A., Evans A.: Functional neuroanatomy of CCK4-induced anxiety in normal healthy volunteers. McConnell Brain Imaging Center, Department of Neurology and Neurosurgery, McGill University, Montreal, Quebec, Canada. Am J Psychiatry 1995 Aug;152(8):1180-4.
- Berthier M.L. (2001) Berthier M.L., Posada A., Puentes C., Dissociative flashbacks after right frontal injury in a Vietnam veteran with combat-related posttraumatic stress disorder. Department of Medicine and Dermatology, University of Malaga, Spain J Neuropsychiatry Clin Neurosci 2001 Winter;13(1):101-5.
- Betænkning nr. 1423/2002 Betænkning nr. 1423 om forsikringsavtaleloven, Afgivet af Justitsministeriets udvalg om revision af forsikringsavtalaloven, København 2002, ISBN 87-601-9735-8.
- Bo von Eyben og Isager (2003) Bo von Eyben og Helle Isager, Lærebog í erstatningsret, 5. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2003, ISBN 87-574-0846-7.
- Bremner J.D. (2000) Bremner J.D., Innis R.B., Southwick S.M., Staib L., Zoghbi S., Charney D.S. Decreased benzodiazepine receptor binding in prefrontal cortex in combat-related posttraumatic stress disorder. Department of Diagnostic Radiology, Yale University School of Medicine, New Haven, CT, USA Am J Psychiatry 2000 Jul;157(7):1120-6.
- Bremner J.D. o.fl. (2000) Bremner J.D., Innis R.B., White T., Fujita M., Silbersweig D., Goddard A.W., Staib L., Stern E., Cappiello A., Woods S., Baldwin R., Charney D.S. SPECT [I-123] iomazenil measurement of the benzodiazepine receptor in panic disorder. Department of Psychiatry, Yale University School of Medicine, New Haven, Connecticut, USA Biol Psychiatry. 2000 Jan 15;47(2):96-106.
- Brynhildsen, Lid og Nygård (2001) Claus Brynhildsen, Børre Lid og Truls Nygård, Forsikringsavtaleloven med kommentarer, Gyldendal Norsk Forlag, 2001, ISBN 82-05-28040-1.
- Bull (2003) Hans Jacob Bull, Innföring i forsikringsrett, utkast til en lærebog, 9. utgave, Oslo 2003.
- Conca A. (1993) Conca A., Fritzsche H., Peschina W., Konig P., Swoboda E., Wiederin H., Haas C. Preliminary findings of simultaneous 18F-FDG and 99mTc-HMPAO SPECT in patients with depressive disorders at rest: Differential correlates with ratings of anxiety. Department of Psychiatry I, LKH Rankweil, Valunastr. 16, A-6830, Rankweil, Austria Psychiatry Res 2000 Feb 28;98 (1):43-54.

- De Cristofaro M.T. (1993) De Cristofaro M.T., Sessarego A., Pupi A., Biondi F., Faravelli C.: Brain perfusion abnormalities in drug-naïve, lactate-sensitive panic patients: a SPECT study. Universita di Firenze, Italy Biol Psychiatry 1993 Apr 1; 33 (7):505-12.
- Drew Jensen (1988) Drew Jensen, Personskade ved kørsel med spirituspåvirket fører, UfR 1988 B 383-389.
- Guðmundur Sigurðsson (1999) Guðmundur Sigurðsson, Bótaréttur launþega - er breytinga þörf? Lögmannablaðið 1. tbl. 1999, bls. 10-11.
- Jønsson og Kjærgaard (2003) Henning Jønsson og Lisbeth Kjærgaard, Dansk Forsikringsret, 8. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2003, ISBN 87-574-0679-0. Lyngsø (1994) Preben Lyngsø, Dansk Forsikringsret, 7. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 1994, ISBN 87-574-0678-5.
- Møller og Wiisbye (2002) Jens Møller og Michael S. Wiisbye, Erstatningsansvarsloven, 6. udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2002, ISBN 87-574-3791-2.
- Nielsen (2002) Michael K. Nielsen, Kunsten at definere en ulykke, Forsikring nr. 3, 2002.
- Nørgaard (1996) Jørgen Nørgaard, Højesterets dom af 22. juni 1995, Grov uagtsomhed i relation til bestemmelsen i erstatningsansvarsloven § 19, stk. 2, nr. 1, UfR 1996B, bls. 191-196.
- Nørgaard (2001) Jørgen Nørgaard, Ivan Sørensen: Forsikringsaftaleloven med kommentarer, UfR 2001 B, bls. 475-477.
- Peter Lødrup (1999) Peter Lødrup, Lærebog í erstatningsrett, 4. udgave, Oslo 1999, ISBN 82-91724-05-9.
- Sørensen (2002) Ivan Sørensen, Forsikringsret, 3. omarbejdede udgave, Jurist- og Økonomforbundets Forlag, København 2002, ISBN 87-574-0303-1.

Alþingistíðindi

- Alþt. A-deild 1971, bls. 241-242.
 Alþt. B-deild 1971, bls. 2074-2076.
 Alþt. A-deild 1972, bls. 746.
 Alþt. A-deild 1976-77, bls. 1767-1769.
 Alþt. A-deild 1984, bls. 1047-1049.
 Alþt. A-deild 126. löggjafarþing 2000-2001. Þskj. 1012—635. mál.
 Alþt. A-deild 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 510—359. mál.
 Alþt. A-deild 130. löggjafarþing 2003-2004. Þskj. 215—204. mál.

DÓMAR M. M.

Íslenskir:

- H 1972:191.
 H 1988:1401.
 H 1996:4161.
 H 1997:1071.
 H 1997:2414.
 H 1998:2346.
 H frá 23. september 1999 í máli nr. 16/1999.
 H frá 20. janúar 2000, mál nr. 284/1999.
 H frá 8. júní 2000, mál nr. 21/2000.
 H frá 25. október 2001, mál nr. 129/2001.

H frá 15. nóvember 2001, mál nr. 215/2001.
H frá 22. nóvember 2001, mál nr. 74/2001.
H frá 31. janúar 2002, mál nr. 303/2001.
H frá 7. mars 2002, mál nr. 292/2001.
H frá 12. desember 2002 í máli nr. 272/2002.
H frá 19. desember 2002 í máli nr. 317/2002.
H frá 20. mars 2003, mál nr. 374/2002.
Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2516/1998.
Álit úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í máli nr.193/2003.
Úrskurður Úrskurðarnefndar almannatryggingalaga í máli nr. 193/2003
Héraðsdómur Reykjavíkur, mál nr. E-4296/1995.

Danskir:

U 1963:7.1
U 1982:585.
U 1990:688 V.
U 1992:900 V.
U 1993:785 V.
U 1995:737 H.
U 1998:32 H.
U 1998:1558 H.
U 1998:1693 H.
U 2001:710 Ø.
U 2002:2545 V.
U 2003:339 H.
ØLD af 10. maí 2000. Sak 17. afd., nr. B-3204-99,
FED 2000:823.